# FRÉTTABLAÐIÐ

31. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 6. FEBRÚAR 2018




Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, sést hér bera mynd af formanninum inn í nýtt skrifstofuhúsnæði flokksins. Flokkurinn kom eins og stormsveipur í flóru íslenskra stjórnmálaflokka fyrir síðustu kosningar og eru flokksmenn stórhuga. Aðgerðum flokksins verður stýrt af Suðurlandsbraut 18. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjárreiður og rekstur þjóðgarðs sætir úttekt

**Framúrkeyrsla frá samþykktri rekstraráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs í fyrra gerði það að verkum að umhverfisráðuneytið óskaði eftir úttekt á rekstri og fjárreiðum þjóðgarðsins. Framkvæmdastjóri sinnti ekki upplýsingaskyldu sinni.**

**STJÓRNSÝSLA** Fjárreiður og rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs sætir nú úttekt óháðs aðila að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna talsverðs neikvæðs fráviks í rekstri síðasta árs. Ráðuneytið tilkynnti stjórn þjóðgarðsins um úttektina þann 19. janúar síðastliðinn eftir að gögn um fjárhag og rekstur sýndu að við blasti töluverð framúrkeyrsla frá samþykktri rekstraráætlun. Framkvæmdastjóri þjóðgarðsins tilkynnti hvorki stjórn né ráðuneytinu um frávikið en ráðuneytið telur þær útskýringar sem fengist hafa á frávikinu ófullnægjandi. Þjóðgarðurinn fékk 671 milljón frá ríkinu á síðasta ári.

Ármann Höskuldsson, stjórnarformaður Vatnajökulsþjóðgarðs, segir í samtali við Fréttablaðið að hann geti ekki tjáð sig um málið fyrr en niðurstöður úttektarinnar liggi fyrir, líklega í lok mánaðarins.

Samkvæmt fundargerð stjórnar, frá 22. janúar síðastliðnum, lagði Ármann fram bókun fyrir hönd stjórnar þar sem kom fram að stjórnin harmaði að framkvæmdastjóri hefði ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni. Öll frávik frá fjárhagsáætlun ber samkvæmt lögum um opinber fjármál frá árinu 2015 að tilkynna. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu var ekki vitað til að reynt hefði á þetta ákvæði laganna áður þar á bæ.



Í bréfi ráðuneytisins til stjórnar þjóðgarðsins frá 19. janúar segir að vegna stöðu bókhalds í fjárhagsbókhaldskerfi ríkisins og af upplýsingum fengnum frá stofnuninni um útkomuspá fyrir árið 2017 stefni í „talsvert neikvætt frávik í rekstri stofnunarinnar frá samþykktri rekstraráætlun fyrir árið 2017.“ Hafi þá þó verið tekið tillit til sérstakrar fjárveitingar í fjáraukalögum 2017 vegna landvörslu. Stofnunin hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni og: „[Þ]ær útskýringar sem gefnar hafa verið á frávikum hafa verið ófullnægjandi.“

Á stjórnarfundi 2. febrúar síðastliðinn voru nokkrar aðgerðir til að bæði auka tekjur þjóðgarðsins og hagræða í rekstri útlistaðar. Þar kemur meðal annars fram að stjórnin áætlar að sækja 100 milljónir króna í tekjur á næstu þremur árum af gjaldtöku á bílastæðum við Jökulsárlón, Skaftafell og Dettifoss. Ármann segir að sjálfvirka gjaldtökukerfið sem innleitt var í fyrra hafi litlu skilað og auðvelt sé að komast hjá greiðslu. Því verði leitað betri leiða til að sækja auknar tekjur.

Þá er ráðgert að segja upp skrifstofuhúsnæði þjóðgarðsins við Klapparstíg í Reykjavík og finna annað ódýrara, lækka launakostnað um 50 milljónir og skera niður rekstrarkostnað um tíu prósent. Standa vonir til að með þessum og fleiri aðgerðum verði hægt að ná fram hagræðingu og tekjuaukningu sem skili allt að 282,5 milljónum til þriggja ára. – smj

## Minni fjölgun í Reykjavík

**BYGGÐAÞRÓUN** Fjölgun íbúa í Reykjavík síðustu fimm ár hefur verið rúmlega fjögur prósent en meðalfjölgun á höfuðborgarsvæðinu er 6,5 prósent. Þannig stækka nágrannasveitarfélög höfuðborgarinnar hraðar en Reykjavík. Mest hefur fjölgunin verið í Mosfellsbæ, Kópavogi og í Garðabæ þar sem fjölgun íbúa er yfir tíu prósent síðan fyrir fimm árum. Íbúum Seltjarnarness, sveitarfélags sem er í nokkuð óákjósanlegri stöðu sökum skorts á landrými, fjölgar hlutfallslega meira en í Reykjavík. – sa / sjá síðu 4

## Kíló af vængjum yfir Súperskál

**LÍFIÐ** Hvernig líður mönnum eftir heila nótt af Super Bowl-áhorfi með tilheyrandi svínaríi? Það er spurningin sem Brynjar Birgisson fékk en hann hefur stundað það að vaka yfir þessum stærsta íþróttaviðburði heimsins í sjónvarpi síðustu 19 árin. „Ég borðaði örugglega kíló af vængjum, hálft kíló af kleinuhringjum, endalaust af einhverjum drykkjum. Það var Coors Light og Miller – mánudagar eru „Miller time“ þannig að eftir miðnætti fengum við okkur Miller.“ – sþh / sjá síðu 22



## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórhildur Þorleifsdóttir skrifar um nýja stjórnarskrá. 9

**SPORT** Framkvæmdastjóri KSÍ segir ellefu milljóna greiðslur til fyrrverandi formanns eiga sér eðlilegar skýringar. 10

**LÍFIÐ** Í Facebook-hópnum Áhugahópur um endurvinnslu og endurnýtingu ræða um 8.000 einstaklingar málin sín á milli. 20

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● FASTEIGNIR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA – UMHVERFISMERKI 141 381 – FRÁ ÁRINU 2000

**PRENTVERK**

Vantar fyrirtækið þitt gæða prentefni? Við bjóðum fjölbreyttar lausnir hvort sem er í offset eða stafrænt. Komdu við í kaffisopa og við finnum leið sem hentar best hverju sinni.

GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

## Veður




Heldur hægari vestlæg átt og minnkandi él í dag og kalt í veðri, en næsta lægð nálgast okkur úr suðvestri með vaxandi sunnanátt og hlýnandi veðri um kvöldið. SJÁ SÍÐU 14

# Fimmtíu ár frá sjóslysunum miklu í Ísafjarðardjúpi



Það var í febrúarbyrjun árið 1968 sem 26 sjómenn af tveimur breskum togurum og einum íslenskum vélbáti fórust í Ísafjarðardjúpi. Af því tilefni var athöfn haldin um borð í varðskipinu Óðni til minningar um þá sem týndu lífi þennan örlagaríka dag og jafnframt til að minnast þess björgunarafreks sem áhöfnin á Óðni vann. Varðskipið liggur við festar við Sjóminjasafnið í Reykjavík við Grandagarð og hefur gert síðan 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Lítið að gera í hraðhleðslunni

**VIÐSKIPTI** „Heimsóknum hefur fækkað mjög, sem er í takt við það sem við áttum von á,“ segir Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar (ON), um fyrstu daga gjaldtöku á hraðhleðslustöðvum fyrirtækisins. Hann segir framkvæmdina þó hafa gengið vel.

„Það voru engir strandaglópar því að þeir voru ekki tilbúnir, en við vorum með aðgerðir til að bjarga fólki ef það lenti í vandræðum,“ segir Bjarni en rafbílaeigendur hafa getað sótt um hraðhleðslulykla sem síðan þarf að virkja og tengja við greiðslukort. Um helmingur þeirra sem fengið hafa lykla senda hafa virkjað þá.

Gjaldtaka hófst þann 1. febrúar en á reynslutímabili sölukerfisins verður tilboðsverð á rafhleðslu 17,1 króna á mínútu auk 20 króna fyrir hverja kílóvattstund. – smj

## Staða Arnórs auglýst í febrúar

**STJÓRNSÝSLA** Staða aðstoðarseðlabankastjóra verður auglýst í lok þessa mánaðar, samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu. Arnór Sighvatsson sem gegnt hefur starfinu frá 1. júlí 2009 hefur tvisvar verið skipaður í starfið. Samkvæmt ákvæði 23. greinar laga um Seðlabankann getur hann ekki sótt um starfið aftur. Það er forsætisráðherra sem skipar aðstoðarseðlabankastjórann að undangenginni umsögn þriggja manna hæfnisnefndar. Nýr aðstoðarseðlabankastjóri mun síðan taka við í júlí. Seinna skipunartímabil Más Guðmundssonar seðlabankastjóra rennur út á næstu ári og gera lög um Seðlabankann ráð fyrir að þá verði nýr maður skipaður í hans stað. – jhh



Arnór Sighvatsson.

## Ætlar að nýta þagnarréttinn

**BELGÍA** Salah Abdeslam, síðasti lifandi maðurinn sem grunaður er um aðild að hryðjuverkaárásunum á París árið 2015, kom fyrir dóm í gær og kom því á framfæri að hann ætlaði að nýta þagnarrétt sinn. Mun hann því ekki svara neinum spurningum dómara.

Abdeslam var eftirlýstur í fjóra mánuði eftir árásirnar en var handtekinn í Brussel eftir skotbardaga við lögreglu. Fyrir þann bardaga er hann ákærður. Saksóknari fer fram á tuttugu ára fangelsisdóm. Ekki er búist við að Abdeslam fari fyrir dóm í Frakklandi fyrir meinta aðild að hryðjuverkaárásunum fyrr en á næsta ári.

Á meðal þess fáa sem Abdeslam sagði í gær var að komið væri illa fram við múslima í Belgíu og Frakklandi. Bað hann saksóknara að byggja mál sitt á staðreyndum og að reyna að gera ekki hvað sem er til að friða almenning. – þea

# Umferðarlagabrot gæti skekið dómskerfið á ný

**Mál um umferðarlagabrot sem gæti valdið usla í dómskerfinu tekið fyrir í Landsrétti í dag. Ekki í fyrsta sinn sem slíkt brot gæti haft víðtæk áhrif á dómskerfið. Jón Kristinsson neitaði að borga sekt 1985 og fór með málið alla leið til Strassborgar.**



Jón Kristinsson bauð íslenska dómskerfinu byrginn um miðjan níunda áratuginn. Í kjölfarið voru gerðar breytingar á réttarfarslöggjöfinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GK

**DÓMSMÁL** Enda þótt umferðarlagabrot teljist alla jafna ekki til stórtíðinda, sýnir sagan að þau geti, ekki síður en stóru málin, orðið dómskerfinu skeinuhætt.

Munnlegur málflutningur verður í Landsrétti í dag um kröfu Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns þess efnis að Arnfríður Einarsdóttir dómari víki sæti vegna vanhæfis í máli manns sem sakfelldur var fyrir umferðarlagabrot í héraði og áfrýjað hefur verið til dómsins. Arnfríður er einn fjögurra dómara við réttinn sem skipaðir voru af ráðherra þrátt fyrir að vera ekki meðal þeirra sem hæfnisnefnd taldi hæfasta.

Í ljósi nýlegra dómafordæma EFTA-dómstólsins og Evrópudómstólsins þess efnis að ólögmæt skipun dómara geti brotið í bága við 6. gr. Mannréttindadómstóls Evrópu er ekki loku fyrir það skotið að málið eigi fullt erindi til Strassborgar rétt eins og mál Jóns Kristinssonar forðum.

Árið 1985 var Jón Kristinsson dæmdur í héraði fyrir að hafa ekki virt stöðvunarskyldu við gatnamót á Akureyri, en hann hafði neitað að fallast á sáttarboð um greiðslu sektar. Jón fór með málið fyrir Hæstarétt og krafðist þess að héraðsdómur yrði ómerktur á þeim grundvelli að málið hefði ekki verið dæmt af hlutlausum dómara, þar eð sami maður hefði haft afskipti af málinu bæði við rannsókn þess sem lögreglustjóri og svo sem dómari. Vildi Jón meina að þessi skipan stríddi gegn þeirri reglu að menn skuli dæmdir af óvilhöllum dómstól. Hæstiréttur varð ekki við kröfum Jóns og sakfelldi hann fyrir umferðarlagabrotið. Refsingin var samkvæmt dómsorði, 3.000 króna sekt. Jón fór með málið til Strassborgar á þeim grundvelli að íslensk dómstólaskipan bryti í bága við 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Málinu lauk með sáttargerð Jóns og íslenska ríkisins en í kjölfar sáttarinnar var allri dómstólaskipan í héraði breytt með aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði auk gagngerrar breytingar á réttarfarslöggjöf landsins.



Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans og hvorki gefa upp hvort hann myndi kæra til Hæstaréttar, hafni Landsréttur kröfunni um að Arnfríður víki sæti, né svara því hvort fyrir honum vaki að fara með málið alla leið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Hann lét þess þó getið í samtali við blaðamann að „í upphafi skyldi endinn skoða“.

adalheidur@frettabladid.is

Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar
LED rakaþétt ljós



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM



Skráðu þig fyrir 8. febrúar
SPEEDTEST® AWARDS
HRAÐASTA INTERNETIÐ Á ÍSLANDI
Q3-Q4 2017
Ljósleiðari
1800 GB
5.990 kr.
Gagnaveitan 2.999 kr.
Leiga á beini 790 kr.
Samtals 9.779 kr.
Hraðatilboð Nova!
Ekki vera risaeðla, vertu á hraðasta internetinu!
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is
Byggt á greiningu Ookla á Speedtest Intelligence gögnum frá Q3–Q4 2017. Notað undir höfundarrétti og endurprentað með leyfi Ookla.

# Yfir 700 símtöl tengdust sjálfsvígum og sjálfsvígshugsunum

**HEILBRIGÐISMÁL** Kona í sjálfsvígshugleiðingum hringdi minnst fimm sinnum í Hjálparsíma Rauða krossins 1717 aðfaranótt laugardags án þess að væri svarað. Um 15 þúsund símtöl og samtöl í gegnum netið bárust Hjálparsímanum í fyrra. Það jafngildir um 40 samtölum á sólarhring. Af þessum 15 þúsund samtölum var 721 samtal um sjálfsvíg eða sjálfsvígshugsanir.

„Við hörmum að viðkomandi hafi ekki náð sambandi. Það er leiðinlegt þegar slíkt kemur fyrir. En það er yfirleitt þannig að fólk nær fljótt sambandi og það er líka hægt að tala í gegnum netspjall,“ segir Hanna Ólafsdóttir, annar umsjónarmaður Hjálparsímans. „En þetta sýnir hversu mikil neyð er í samfélaginu.“

Hanna segir að síminn á nóttunni sé hugsaður sem neyðarsími. „Næturnar eru mannaðar af starfsfólki sem hefur farið í gegnum þjálfun til þess að taka á móti erfiðum símtölum. Það getur verið mikið að gera og eins og staðan er er einn starfsmaður á nóttunni.“

Hún segir að ef starfsmaður sé einn á vakt, í viðkvæmu samtali og einhver annar hringi inn á meðan verði starfsmaðurinn að láta það samtal sem hann er í hafa forgang. Þá komi símsvari sem segi viðkomandi að það sé mikið álag og fólk beðið um að hinkra. „Í fullkomnum heimi væri hægt að manna vaktina betur en það er mismikið að gera. Það geta komið toppar á nóttu þar sem margir reyna að ná inn og svo getur verið rólegt utan þess. Það er erfitt að ráða við þetta og við leggjum okkur öll fram við að veita eins góða þjónustu og við mögulega getum.“

Hún segir jákvætt að fólki sem líði illa hringi í Hjálparsímann. „En ef fólki líður þannig að það getur ekki beðið eftir að síminn losni, þá er best að hringja í vin eða ættingja eða í Neyðarlínuna.“ – **jhh**

> **Það er erfitt að ráða við þetta og við leggjum okkur öll fram við að veita eins góða þjónustu og við mögulega getum.**
>
> Hanna Ólafsdóttir, annar umsjónarmaður Hjálparsíma Rauða krossins.



## Nítján settir varadómarar við Hæstarétt

**STJÓRNSÝSLA** Nítján einstaklingar hafa verið settir varadómarar við Hæstarétt. Dómsmálaráðherra féllst á tillögu þess efnis 29. janúar.

Skömmu fyrir áramót voru samþykktar breytingar á dómstólalögum þess efnis að tímabundið væri heimilt að setja varadómara án þess að vanaleg skilyrði væru uppfyllt til að vinna á uppsöfnuðum einkamálum sem bíða úrlausnar.

Fimm fyrrverandi hæstaréttardómarar eru á listanum en það eru Árni Kolbeinsson, Eiríkur Tómasson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir. Þá eru þar sex héraðsdómarar, Arngrímur Ísberg, Ásgeir Magnússon, Eggert Óskarsson, Hildur Briem, Hólmfríður Grímsdóttir, Ingimundur Einarsson og Símon Sigvaldason. Landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson og Sigurður Tómas Magnússon eru einnig á listanum.

Til viðbótar eru á listanum prófessorarnir Aðalheiður Jóhannsdóttir og Eyvindur G. Gunnarsson, Ása Ólafsdóttir dósent, Skarphéðinn Þórisson, fyrrverandi ríkislögmaður, og Valtýr Sigurðsson, fyrrverandi ríkissaksóknari. Einstaklingunum nítján hefur þegar verið úthlutað málum. – **jóe**



Sigríður Andersen.

**LEIÐRÉTTING**

*Í blaðinu í gær sagði að Sigurður Kristinsson hefði átt félagið SS hús ehf. með bróður sínum og föður. Hið rétta er að Sigurður átti félagið með bróður sínum og stjúpföður.*

# Fjölgun meiri í sveitarfélögum sem eru í nágrenni Reykjavíkur

**Höfuðborgarsvæðið vex hægar en landsbyggðin samkvæmt tölum Hagstofunnar. Einnig er fjölgun í Reykjavík um hálfdrættingur á við fjölgun annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Mest hefur fjölgunin verið í Mosfellsbæ, Kópavogi og í Garðabæ. Bæjarstjóri Kópavogs telur framsýni bæjarstjórnar hafa skipt mestu.**

**BYGGÐAÞRÓUN** Fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu er minnst í Reykjavík ef frá er talinn Kjósarhreppur. Nágrannasveitarfélög höfuðborgarinnar stækka nú hraðar en Reykjavík. Tæp 64 prósent íbúa landsins búa á höfuðborgarsvæðinu.

Alls bjuggu 348.580 einstaklingar hér á landi í árslok samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands og fjölgaði íbúum um þrjú prósent eða nærri 10 þúsund manns. Fjölgunina í ár má að mestu skýra með innfluttu vinnuafli en erlendum ríkisborgurum fjölgar jafnt og þétt hér á landi í takt við efnahagslegan vöxt og skort á vinnuafli.

Af þessum rúmlega 348 þúsund íbúum bjuggu 222.590 á höfuðborgarsvæðinu. Fjölgun íbúa á svæðinu síðustu fimm ár nemur tæplega fjórtán þúsundum.

Fjölgunin í Reykjavík síðustu fimm ár hefur verið rúmlega fjögur prósent en meðalfjölgun á höfuðborgarsvæðinu er 6,5 prósent. Mest hefur fjölgunin verið í Mosfellsbæ, Kópavogi og í Garðabæ þar sem fjölgun íbúa er yfir tíu prósent síðan fyrir fimm árum. Íbúum Seltjarnarness, sveitarfélags sem er í nokkuð óákjósanlegri stöðu sökum skorts á landrými, fjölgar hlutfallslega meira en í Reykjavík.

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn, segir ástæður þess að Reykjavík vaxi hægar en önnur sveitarfélög felast í skorti á lóðum og útleigu Airbnb-íbúða. „Það hefur ekki verið hægt fyrir Reykvíkinga að fá lóð til að byggja sitt hús síðustu ár í Reykjavík nema í gegnum fasteignabrask eftirhrunsáranna og þá á þéttingarsvæðum. Einnig hefur útleiga íbúða í ferðaþjónustu aukist mest í Reykjavík. Til að mynda hefur fækkun orðið í miðbænum vegna þessa,“ segir Halldór.

Höfuðborgarsvæðið er fyrir löngu orðið að einu búsetu- og atvinnusvæði og nær atvinnusvæðið langt út fyrir höfuðborgarsvæðið. Þannig hefur Reykjavík minna vægi nú en áður þegar kemur að byggðaþróun á svæðinu. Reykjavík á til að mynda aðeins tæplega fimm þúsund manns af þeirri fjölgun sem orðið hefur síðustu fimm árin á svæðinu. Fjölgunin í öðrum sveitarfélögum er tæplega níu þúsund manns samanlagt.

Ef horft er á svæðið sem eina borg sést þekkt stef í byggðaþróun á þá vegu að fjölgunin verður í jaðri borgarinnar en minni í kjarna hennar. Þetta stef er þekkt í hinum vestræna heimi þar sem borgir hafa vaxið og jaðarinn eða úthverfin fylgt á eftir.

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, telur framsýni bæjarstjórnar Kópavogs eftir hrun endurspeglast í fjölgun íbúa. „Við töldum eftir hrun að það yrði skortur á íbúðum og áttum lóðir á lager. Því var farið í það að ræða við verktaka. Með mikilli vinnu erum við að uppskera nú og má segja að kreppan hafi verið stöðvuð í Kópavogi,“ segir Ármann.

Það vekur sérstaka eftirtekt að fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu, 6,65 prósent, er minni en fjölgunin á landsbyggðinni, 7,05 prósent. Þannig vex landsbyggðin hlutfallslega hraðar en höfuðborgarsvæðið. Á lýðveldistímanum er ekki hægt að sjá í gögnum að það hafi gerst áður yfir fimm ára meðaltal. **sveinn@frettabladid.is**

### Íbúaþróun í Reykjavík og nágrenni

**Landið allt**

| Mannfjöldi í lok árs 2017 | Íbúaþróun 2017 | Íbúaþróun síðustu fimm ára |
|---|---|---|
| 348.580 | 2,99% | 7,05% |

**Höfuðborgarsvæðið**

| Mannfjöldi í lok árs 2017 | Íbúaþróun 2017 | Íbúaþróun síðustu fimm ára |
|---|---|---|
| 222.590 | 2,60% | 6,65% |

| | Mannfjöldi í lok árs 2017 | Íbúaþróun 2017 | Íbúaþróun síðustu fimm ára |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 126.100 | 2,27% | 4,05% |
| Kópavogur | 35.980 | 2,10% | 11,36% |
| Seltjarnarnes | 4.590 | 3,15% | 4,79% |
| Garðabær | 15.700 | 2,95% | 10,80% |
| Hafnarfjörður | 29.440 | 2,51% | 7,64% |
| Mosfellsbær | 10.560 | 8,09% | 16,17% |
| Kjósarhreppur | 220 | 0,00% | 0,00% |

### Hlutfall landsmanna sem búa á höfuðborgarsvæðinu




■ Fjölgun síðustu fimm ár á höfuðborgarsvæðinu öllu **13.880** einstaklingar sem samsvarar þremur Seltjarnarnesjum

**Fjölgun í Reykjavík síðastliðin fimm ár**
4.910

**Fjölgun annarra sveitarfélaga á hbsv. á sama tíma**
8.970

SÉRTILBOÐ Á FIAT TIPO

500.000 KR. AFSLÁTTUR

INNIFALIÐ
VETRAR- OG SUMARDEKK
ÞJÓNUSTUSKOÐUN* Í 2 ÁR

FIAT TIPO EASY HATCHBACK
VERÐ FRÁ: 3.090.000 KR.
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 2.590.000 KR.

**STAÐALBÚNAÐUR:** 120 HÖ, LOFTKÆLING, BAKKMYNDAVÉL, BLUETOOTH, SNERTISKJÁR, HITI Í SÆTUM OG SPEGLUM, 16” ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, AKSTURSTÖLVA O.FL.




*Miðast við hámarksakstur 15.000 km á ári. Takmarkað magn bíla í boði.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Fiat - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.fiat.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

考

# HUGSANLEGA BESTU KAUPIN




Outlander Invite PHEV
4x4, sjálfskiptur, frá:
**4.540.000 kr.**

## Nú fylgir þjónustuskoðun í tvö ár með nýjum Outlander PHEV

**Mitsubishi Outlander PHEV** hefur slegið rækilega í gegn hjá þjóðinni og varð vinsælasti bíllinn í flokki jeppa og jepplinga árið 2017. Í krafti vinsældanna á 100 ára afmælisári Mitsubishi getum við áfram boðið frábær kjör á þessum magnaða bíl. Hann er ríkulega útbúinn með 5 ára ábyrgð og 8 ára ábyrgð á rafhlöðu. Þú getur tryggt þína ábyrgð hjá viðurkenndum þjónustuaðila, því nú fylgir þjónustuskoðun í tvö ár með í kaupunum* á nýjum Outlander PHEV frá HEKLU. Nú er tækifærið til að skipta yfir í vistvænan bíl. Hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**Outlander Invite PHEV**

- Margmiðlunartæki með skjá
- Leðurklætt aðgerðastýri fyrir útvarp, hraðastilli og Bluetooth
- USB tengi
- 6 hátalarar
- DAB+ (Digital Audio) útvarpstæki
- LED dagljós
- Regn- og ljósaskynjarar
- Rafdrifnar rúður
- Þokuljós að framan
- Hæðarstillanlegt bílstjórasæti
- 7 SRS loftpúðar
- ASTC spólvörn
- Brekkuaðstoð (Hill Start Assist)
- Rafmagnshandbremsa með sjálfvirkri biðstöðu
- Aflendurheimt á hemlum fyrir rafmótor
- AVAS hljóðviðvörunarkerfi
- Bakkmyndavél
- Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- 18" álfelgur 225/55 R18
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Lyklalaus ræsing
- Skyggðar afturrúður
- Hiti í sætum
- Hraðastillir
- Tvískipt miðstöð með forhitara

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

*Nánari upplýsingar um þjónustuskoðun HEKLU má finna á hekla.is. Verð, tilboðsverð og búnaður eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta því breyst án fyrirvara.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA




Heimilis
RIFINN OSTUR
Er nú á tilboði
Ómissandi á pizzuna, í ofn- og pastaréttina, á tortillurnar og salatið.
370 g
100% ÍSLENSKUR OSTUR

Bjargráð í sorg

Þann 7. febrúar kl 20:00 í Safnaðarsal Háteigskirkju, fjallar Sigurður Arnarson um það sem hjálpar okkur í sorginni. Sigurður hefur m.a. lokið starfréttindanámi, sem sjúkrahúsprestur frá Meriter, sjúkrahúsinu í Wisconsin í USA og starfað sem slíkur þar, í Bretlandi og Luxemborg. Sigurður er nú sóknarprestur Kópavogskirkju.

Aðgangur ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

birta
landssamtök
foreldra og forráðamanna barna og ungmenna sem látist hafa fyrirvaralaust

www.nydogun.is • www.sorg.is • nydogun@nydogun.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á næðum svefni

# Launahækkanirnar rúmast innan SALEK

**Tólf félög Bandalags háskólamanna hafa samþykkt kjarasamninga við íslenska ríkið. Gerðardómur um kjaramál félaganna rann sitt skeið síðasta haust. Samningarnir verða kynntir félagsmönnum í vikunni. Þeir munu eiga lokaorðið.**

**KJARAMÁL** Tólf aðildarfélög Bandalags háskólamanna (BHM) hafa undirritað kjarasamninga við íslenska ríkið. Samningarnir eru afturvirkir til 1. september á síðasta ári og gilda til 31. mars 2019. Þrjú félög hafa vísað deilu sinni til Ríkissáttasemjara.

„Samninganefndir viðkomandi félaga hafa náð viðunandi niðurstöðu. Nú er það í höndum félagsmanna hvers félags að greiða atkvæði um efni samninganna,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM. Hún vildi ekki tjá sig um efnislegt innihald samninganna.

„Þetta er á eðlilegu róli miðað við það sem gengur og gerist í þjóðfélaginu. Við erum nú að undirbúa kynningu fyrir okkar félagsmenn og stefnum á að kynna samninginn í vikunni,“ segir Unnur Pétursdóttir, formaður Félags sjúkraþjálfara.

Átta aðildarfélög BHM undirrituðu kjarasamninga síðastliðinn föstudag og fjögur bættust í hópinn í gær. Unnur veit ekki betur en að jafnt hafi gengið yfir alla þá hópa sem hafa skrifað undir nýjan samning.

„Að auki var komið til móts við kröfur okkar sem varða Landspítalann. Það sást glöggt á gögnum sem við lögðum fram að þar ríkir mjög alvarlegur vandi,“ segir Unnur.

Í gildi fyrir félögin var niðurstaða gerðardóms frá því í ágúst 2015. Ákvæði hans runnu sitt skeið þann 31. ágúst í fyrra. Því eru kjarasamningarnir nú afturvirkir til 1. september. Þeim er markaður tími til 31. mars 2019 en þá lýkur gerðardómi um kjör hjúkrunarfræðinga. Samningaviðræður drógust á langinn nú meðal annars vegna ríkisstjórnarslita.

Þeir formenn aðildarfélaga BHM sem Fréttablaðið náði tali af vildu lítið segja um hækkanir á samningstímabilinu. Á Facebook-síðu Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga kemur þó fram að laun hækki um 2,21 prósent frá 1. september. Þau hækka á ný 1. júní á þessu ári og þá um tvö prósent. Að auki er getið eingreiðslu þann 1. febrúar 2019 en ekki kemur fram hve há hún er.

„Í samkomulagi okkar er meðal annars kveðið á um aðgerðir til að bregðast við nýliðunarvanda í stéttinni,“ segir Gyða Hrönn Einarsdóttir, formaður Félags íslenskra lífeindafræðinga. Hún segir að ef ekkert bóli á aðgerðum í tengslum við hann að samningstíma liðnum muni ákveðið vantraust ríkja milli aðila.

„Lægstu launin hækka töluvert og við vonum að það skili einhverju,“ segir Gyða en vill ekki tíunda hve mikið. „Þetta er innan SALEK-rammans. Við erum ekki aðilar að SALEK en ríkið telur sig bundið af þeim samningum þó að það hafi auðvitað sprengt það á öðrum stöðum.“

**joli@frettabladid.is**



Fyrri kjör höfðu verið ákveðin af gerðardómi í ágúst 2015. Ríkisstjórnarslit töfðu það að samningar næðust nú. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Félög sem samþykktu**

- Dýralæknafélag Íslands
- Félag íslenskra félagsvísindamanna
- Félag lífeindafræðinga
- Félag sjúkraþjálfara
- Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins
- Félagsráðgjafafélag Íslands
- Fræðagarður
- Iðjuþjálfafélag Íslands
- Sálfræðingafélag Íslands
- Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga
- Stéttarfélag lögfræðinga
- Þroskaþjálfafélag Íslands

**Liggja enn undir feldi**

- Félag geislafræðinga
- Félag íslenskra leikara

**Vísuðu til ríkissáttasemjara**

- Félags íslenskra hljómlistarmanna
- Félag íslenskra náttúrufræðinga
- Ljósmæðrafélag Íslands

> Ríkið telur sig bundið af þeim samningum þó að það hafi auðvitað sprengt það á öðrum stöðum



Gyða Hrönn Einarsdóttir, formaður Félags lífeindafræðinga

# Reyna að hamra saman stjórn

**ÞÝSKALAND** Kristilegir demókratar og Jafnaðarmannaflokkurinn í Þýskalandi funduðu í gær til þess að reyna að komast að samkomulagi um aðgerðir í heilbrigðis- og atvinnumálum. Málin eru helstu ásteytingarsteinar stjórnarmyndunarviðræðna sem staðið hafa yfir undanfarnar vikur.

Stjórnarkreppa hefur verið í Þýskalandi frá þingkosningum septembermánaðar og náðu flokkarnir ekki að komast að samkomulagi fyrir þann frest sem þeir höfðu gefið sér, sunnudaginn 4. janúar. Samkvæmt flokksmönnum sem hafa tjáð sig um viðræðurnar var þó ákveðið að halda áfram þar sem ekki væri svo langt á milli flokkanna, sem hafa starfað saman í ríkisstjórn frá 2013, í erfiðustu málunum.

„Þetta á eftir að ganga upp,“ sagði Andrea Nahles, þingmaður Jafnaðarmannaflokksins og einn samningamanna, við blaðamenn þegar hún mætti til viðræðna í gær. Annar samningamanna, Karl Lauterbach, sagði helmingslíkur á að samkomulag næðist um stjórnarmyndun.

Kristilegi demókratinn Alexander Dobrindt sagði í tilkynningu í gær að enn væri nokkuð í land. „Í dag komumst við að samkomulagi um Evrópumálin,“ sagði hann og tilkynnti um meiri fjárfestingar á evrusvæðinu og minni niðurskurð. Þá hefði jafnframt verið ákveðið að hækka skatta á stórfyrirtæki.

Samkvæmt heimildum Rheinische Post vilja Angela Merkel, kanslari og leiðtogi Kristilegra demókrata, og Martin Schulz, leiðtogi Jafnaðarmannaflokksins, bera samning undir flokksmenn í dag. **– þea**



Merkel og Schulz reyna enn að mynda stjórn. NORDICPHOTOS/AFP




SUBARU
*Confidence in Motion*




ENNEMM / SÍA / NM86519 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Theresa kannski



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Enn virðast tímamót í Brexitferlinu. Breska ríkisstjórnin mun hittast í vikunni til að móta afstöðu í nokkrum lykilmálum. Veigamest er ákvörðun um hvort Bretland verði áfram í Evrópska tollabandalaginu, eða hvort skorið verði á þann streng.

Meginávinningurinn af því að ganga úr tollabandalaginu væri að Bretar gætu gert fríverslunarsamninga við ríki utan Evrópusambandsins. Því fylgir sá galli að tollmúrar gætu risið að nýju milli Bretlands og Evrópulandanna.

Sem fyrr takast á tvær fylkingar innan ríkisstjórnar Theresu May. Aðra mætti kalla harðlínumennina undir forystu Boris Johnson og Michaels Gove, en þeir telja að breska þjóðin hafi sagt sitt í þjóðaratkvæðagreiðslunni á sínum tíma. Brexit þýði Brexit, óháð því hvort það kunni að hafa efnahagslegar afleiðingar til skamms tíma.

Í hinni fylkingunni eru til að mynda Phillip Hammond fjármálaráðherra og Amber Rudd innanríkisráðherra. Bæði vilja reyna eins og framast er kostur að takmarka hið efnahagslega tjón sem hlýst af Brexit. Með nokkurri einföldun má segja að það þýði að Bretland gangi úr Evrópusambandinu að nafninu til, en að sambandið við ESB verði sem líkast því sem verið hefur. Brexit, en samt ekki Brexit.

Veik staða Theresu May forsætisráðherra flækir málið. The Economist hæðist að henni og kallar hana Theresu Maybe vegna þess hversu erfitt hún virðist eiga með að taka af skarið. Lýðræðislegt umboð May og fylgismanna er ekki til að styrkja stöðu þeirra.

Breska þjóðin samþykkti vissulega að ganga úr Evrópusambandinu með naumum meirihluta. Nokkru síðar boðaði May til kosninga og freistaði þess að auka við meirihluta sinn til að tryggja umboð sitt í samningaviðræðunum við sambandið.

May tapaði meirihluta flokks síns í kosningunum, stórlaskaðist sjálf og þurfti að reiða sig á stuðning írskra sambandssinna til að tryggja meirihluta í þinginu. Til að auka ruglinginn benda skoðanakannanir til að mikill meirihluti breskra kjósenda vilji nú hætta við allt saman. Upp hafa sprottið trúverðugar pólitískar fylkingar sem berjast fyrir því.

Hlutverk forsætisráðherra er vanalega að sætta ólík sjónarmið, en taka af skarið ef þarf. May virðist hvorugt geta og á meðan logar ríkisstjórn hennar stafnanna á milli. Ekki bætir úr skák að Verkamannaflokkurinn undir stjórn Jeremys Corbyn þykir fáum raunhæfur kostur til að taka við stjórnartaumunum eins og sakir standa.

Samningamenn Evrópusambandsins ganga á lagið. Aðalsamningamaður þeirra, Michael Barnier, hefur látið hafa eftir sér að eina leið Breta til að halda í fríverslun við Evrópusambandið sé áframhaldandi aðild að innri markaðnum og tollabandalaginu. Ekkert annað sé til umræðu.

May er því í vonlausri stöðu. Hún er föst á milli andstæðra fylkinga í eigin flokki. Hingað til virðist lausn hennar hafa falist í því að gera ekki neitt og vona að málið leysist af sjálfu sér. Orð Barniers og afstaða Evrópusambandsins gefa skýrt til kynna að aðgerðaleysi sé ekki kostur.

Theresa Maybe þarf að fara að gera upp hug sinn.

**The Economist hæðist að henni og kallar hana Theresu Maybe vegna þess hversu erfitt hún virðist eiga með að taka af skarið. Lýðræðislegt umboð May og fylgismanna er ekki til að styrkja stöðu þeirra.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Sögulegt blót**

Miðflokkurinn hélt sitt fyrsta þorrablót á Fjörukránni um helgina. Margt var um manninn og veislustjórinn Vigdís Hauksdóttir stjórnaði gleðinni af myndarbrag. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður flokksins, var gerður að Heiðursvíkingi ásamt Önnu Kolbrúnu Árnadóttur, þingmanni og vopnasystur í Norðausturkjördæmi. Þótti fara vel á þessu þar sem flokkurinn varð til í því goðorði Sigmundar. Meðal gaðlegra gesta voru Sigurður Þ. Ragnarsson, Siggi stormur, Jón Hjaltalín Magnússon, verkfræðingur og handboltakempa, að ógleymdum stórkanónum Útvarps Sögu þeim Arnþrúði Karlsdóttur og Pétri Gunnlaugssyni.

**Fingrasett meiðyrði**

Rithöfundurinn Auður Jónsdóttir fagnaði nýlega sýknu í meiðyrðamáli sem Þórarinn Jónsson, Þóri á Laxnes hestaleigu, höfðaði gegn henni. Málinu er þó ekki lokið þar sem hestabóndinn í Mosfellsdal hefur látið þau boð út ganga að hann muni áfrýja. Auður bregst við á Facebook með þessum orðum: „Ég er svo ... þreytt. En, já, ok. Vertu gestur minn, Þóri! Þú kenndir mér nú einu sinni vélritun í gaggó.“ Þóri nagar sig sjálfsagt í handarbökin núna, meðvitaður um að hann ber sína ábyrgð á því að Auður hamraði meiðyrðin niður með fullkominni fingrasetningu.

thorarinn@frettabladid.is

# Magnaðir tímar í borginni



Hjálmar Sveinsson
borgarfulltrúi

Það eru magnaðir tímar í borginni. Menn segja að nú standi yfir mesta uppbyggingarskeið í sögu hennar. Þar sem áður voru malarlóðir, bílaplön, úr sér gengin athafnasvæði, veghelgunarsvæði og afgangslóðir er nú að rísa fjöldi íbúðarhúsa. Framkvæmdir eru hafnar á reitum þar sem 3.600 íbúðir rísa. Deiliskipulag hefur verið samþykkt fyrir tæplega 4.000 íbúðir í viðbót.

Nánast allar þessar íbúðir eru innan núverandi byggðarmarka. Borgin byggist nú inn á við eftir að hafa byggst út á við áratugum saman. Það styttir vegalengdir, eflir þjónustu og minnkar mengun.

Rauður og grænn þráður í skipulaginu er áherslan á mannvænt skipulag, vistvænar og skilvirkar samgöngur og jöfnuð. Það sýna fyrirhuguð Borgarlína og samningar borgarinnar við húsnæðisfélög almannasamtaka, námsmanna og aldraðra um íbúðarbyggingar á hagstæðum kjörum næstu árin.

Það er mikilvægt að allir geti búið í húsnæði við hæfi, hvort sem er í eigu, leigu eða með búseturéttarfyrirkomulagi. Það er mikilvægt að allir komist leiðar sinnar fljótt og vel, og geti notið ferðarinnar í borginni sem gestir okkar dásama fyrir nálægð við náttúruna umhverfis. Við verðum að leysa umferðarhnútana á stofnbrautum milli hverfa – með bættum umferðarmannvirkjum sem gagn er að en ekki síður margvíslegum valkostum við að komast til vinnu eða skóla og heim aftur.

Ég er jafnaðarmaður og lít svo á að ein mikilvægasta lífskjarabarátta okkar tíma snúist um borgarumhverfið; að það sé hagkvæmt fyrir alla, heilsusamlegt, öruggt, aðlaðandi og fjölbreytt. Jöfnuður er hugsjón – en oftast er það líka þannig að jöfnuður borgar sig. Í húsnæðismálum, samgöngum, skólum og heilbrigðisþjónustu.

Verkefnin fram undan eru stór og spennandi. Við þurfum að taka við fólki og efla valkosti á húsnæðismarkaði og í samgöngum. Ekkert gerist af sjálfu sér. Við þurfum að berjast fyrir því að borgarlínan verði til, fái pláss og fjármagn. Hún tengir saman hverfin og léttir á umferðinni – öllum til hagsbóta. Við þurfum að fá nýjan borgarflugvöll til að geta haft íbúðir og útivistarsvæði í Vatnsmýrinni.

Um þetta verður kosið í vor.

**Rauður og grænn þráður í skipulaginu er áherslan á mannvænt skipulag, vistvænar og skilvirkar samgöngur og jöfnuð.**




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Farið í grafgötur



**Þórhildur Þorleifsdóttir**
leikstjóri, átti sæti í stjórnlagaráði

Ekki aftur – ekki aftur, kveinaði gamla stjórnarskráin, þar sem hún lá lúin og þreytt eftir 144 ára stanslausa notkun. Enn á að senda hana í sömu ferð, eftir gamla troðningnum sem eftir rúmlega 70 ára umferð þingmanna er orðinn svo djúpur að ekki sést lengur upp úr honum. Líkist meir skotgröfum en troðningi. Sannkallaðar grafgötur.

Samkvæmt forsætisráðherra á að senda stjórnarskrána í enn eina ferðina í þessar grafgötur. Fyrri ferðir sem hafa verið ófáar allt frá stofnun lýðveldisins 1944 hafa litlu sem engu skilað. Einstaka lagfæringum til samræmis við alþjóðasamninga. Þó var henni aldrei ætlað langlífi þegar henni var í hasti breytt til að aðlaga hana lýðveldinu. Aðalbreytingin var að konungi var skipt út fyrir forseta. Þannig hefur hún samt tórt í þrjá aldarfjórðunga. Gömul, illa skóuð og örþreytt hefur hún arkað grafgöturnar nær linnulaust.

Fyrrverandi forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, hafði lengi borið þá gömlu fyrir brjósti og margsinnis lagt til á Alþingi að henni yrði bjargað úr grafgötunum en alltaf talað fyrir daufum eyrum. Bara skipuð ný nefnd! Þegar Jóhanna, skömmu eftir hrun, komst svo í aðstöðu til að gera eitthvað í málunum, hófst hún handa. Fyrst var boðað til þjóðfundar. Eitt þúsund Íslendingar voru kallaðir til starfa og skoðanaskipta, þar sem, meðal annars, stjórnarskráin gamla kom við sögu.

Næst var svo skipuð stjórnlaganefnd. Fimm valinkunnar manneskjur lágu yfir þeirri gömlu, veltu öllum steinum og leituðu víða kunnáttu og fanga. Niðurstöður þjóðfundar voru hafðar til hliðsjónar, því stjórnlaganefndin vissi sem var að þjóðin er stjórnarskrárgjafinn og því varð að gefa skoðunum hennar gaum. Afrakstur þessarar miklu vinnu voru tvær hnausþykkar bækur og hvorki meira né minna en tvær tillögur að nýrri stjórnarskrá.

Þá var boðað til almennra kosninga til stjórnlagaþings. Stjórnarskrárgjafinn, þjóðin, kaus 25 fulltrúa til að leggja drög að nýrri stjórnarskrá, eða bæta þá gömlu. Það þarf ekki að rekja litlu raunasöguna þegar íhaldsöflin, sem alltaf voru á vaktinni gegn breytingum, kreistu út úr þremur hæstaréttardómurum álit þess efnis að kosningarnar væru ólöglegar. Skilrúm milli kjörklefa hefðu verið nokkrum sentimetrum of lág. Nokkuð sem hafði sannarlega engin áhrif á niðurstöðu kosninganna. En þáverandi forsætisráðherra brást snaggaralega við og skipaði þessa 25 sem þjóðin hafði kosið til stjórnlagaþings í stjórnlagaráð. Skaut íhaldsöflunum ref fyrir rass og stjórnlagaráð tók til starfa.

Stjórnlagaráð tók við keflinu af stjórnlaganefndinni. Hafði verk hennar og niðurstöður þjóðfundar að leiðarljósi. Ótal sérfræðingar í ýmsum greinum voru kallaðir til, lögfræðingar, stjórnmálafræðingar, náttúruvísindamenn, læknar, kirkjunnar menn svo eitthvað sé talið – auk embættismanna víða úr kerfinu. Erlendar stjórnarskrár lesnar, kostir þeirra og gallar metnir allt eftir því hvað þótti henta íslensku samfélagi. Leitað ráða hjá innlendum og erlendum stjórnarskrárfræðingum. Og – síðast en ekki síst, var þjóðinni veittur aðgangur að ferlinu öllu og hafði tillögurétt allan tímann. Allir fundir stjórnlagaráðs voru opnir, upplýsingar og tillögur í mótun settar á vef stjórnlagaráðs sem öllum var opinn, og þeim breytt eftir því sem málum vatt fram. Þannig varð smám saman til nýtt frumvarp til stjórnarskrár. Það var þó ekki frumlegra en svo að 80% af þeirri 144 ára gömlu rötuðu inn í þá nýju, þannig að ekki er um neina byltingu að ræða. Þó nægar til þess að sú gamla fengi hvíld. Um þessar hófsömu tillögur náðist algjör samstaða í stjórnlagaráðinu og frumvarpið var afhent hinu háa Alþingi.

**Forsætisráðherra boðar enn nýja endurskoðun! Sú á meðal annars að byggja á tillögum stjórnlaganefndar og stjórnlagaráðs. Einfalt mál – þær liggja þegar fyrir og hafa gert árum saman. Þjóðin, stjórnarskrárgjafinn, hefur samþykkt þær. Hvað er þá að vanbúnaði?**

Íhalds- og tregðuöflin tóku aftur til óspilltra málanna og því þótti ráðlegt að kalla til þjóðina einu sinni enn til að reyna að hafa vit fyrir þinginu. Efnt var til þjóðaratkvæðagreiðslu um helstu tillögur í stjórnarskrárfrumvarpinu, svo sem þjóðareign á auðlindum, persónukjör og jafnt vægi atkvæða, en þó fyrst og fremst um hvort ný stjórnarskrá ætti að byggja á tillögum stjórnlagaráðs. Tveir þriðju kjósenda svöruðu játandi. Þessi þjóðaratkvæðagreiðsla er kannski mikilvægasti áfanginn í ferlinu því vert er að hafa í huga að stjórnarskrá er ekki fyrir þingmenn, ráðherra, stjórnmálaflokka eða hagsmunahópa, heldur þjóðina. Réttindi hennar og skyldur, auk þess að vera hugsanleg vörn hennar gegn yfirgangi stjórnvalda.

Þetta hlaut að duga. En – nei, enn var þrjóskast við og grafgöturnar troðnar. Gamla stjórnarskráin mátti enn velkjast þar og veðrast. Allir stjórnmálaflokkar, utan einn, sögðust vilja hjálpa þeirri gömlu upp úr grafgötunum og aflétta áþján förukonunnar, en eitthvað fór úrskeiðis. Líklega var hún alltaf látin í vöruskiptum, eða þótti ekki nógu merkileg, fremur en kerlingar yfirleitt, til að vera í fararbroddi.

En nú dregur til tíðinda. Forsætisráðherra boðar enn nýja endurskoðun! Sú á meðal annars að byggja á tillögum stjórnlaganefndar og stjórnlagaráðs. Einfalt mál – þær liggja þegar fyrir og hafa gert árum saman. Þjóðin, stjórnarskrárgjafinn, hefur samþykkt þær. Hvað er þá að vanbúnaði? Forsætisráðherra lætur alveg hjá líða að víkja einu orði að því hverju þarf að breyta frá fyrirliggjandi tillögum og af hverju. Einungis sagt að skipuð verði þingnefnd. Einu sinni enn! Hvern er verið að reyna að friða? Rúmlega sjötíu ára reynsla ætti að hafa kennt að það að setja aumingja gömlu förukonuna aftur í þingnefnd leiðir ekki til nokkurs annars en þess að enn á ný er farið í grafgötur og þær dýpkaðar. Er það furða að sú gamla kveini: „Kæra Katrín, ekki aftur – ekki aftur!“

# Netöryggi barna



**Þóra Jónsdóttir**
lögfræðingur og verkefnastjóri hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi

Í dag er alþjóðlegi netöryggisdagurinn. Frá árinu 2001 hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi starfrækt ábendingalínu fyrir ólöglegt og óviðeigandi efni á neti, í samstarfi við Ríkislögreglustjóra. Ábendingalínan er hluti af SAFT-verkefninu, (Samfélag, fjölskylda og tækni) og nýtur styrks frá Evrópusambandinu og úr ríkissjóði. Ábendingalína Barnaheilla er þátttakandi í samstarfi ábendingalína á heimsvísu í gegnum alþjóðasamtökin Inhope. Með þessu samstarfi er mögulegt að bregðast við þegar tilkynningar um ofbeldi gegn börnum hvaðanæva úr heiminum berast í gegnum ábendingalínuna.

Inni á heimasíðum Barnaheilla, lögreglunnar, SAFT og víðar má finna ábendingahnapp þar sem hægt er að senda tilkynningar um myndir eða myndbönd sem brjóta gegn friðhelgi einkalífs barna, svo sem myndir sem innihalda nekt eða sem sýna börn á kynferðislegan hátt.

Ábendingalínan og SAFT eiga gott samstarf við Facebook, Youtube, Instagram, Snapchat og Google og geta beitt öruggum og fljótlegum leiðum til að fá myndefni fjarlægt af þeim miðlum. Því getur verið gott að tilkynna myndefni þaðan í gegnum ábendingalínuna.

Stafrænt kynferðisofbeldi gegn börnum á sér stað þegar myndum eða myndböndum sem sýna börn á kynferðislegan hátt er dreift á netinu. Stundum á það sér stað í kjölfar þess sem í daglegu tali er kallað „sexting“ og stundum á það sér stað sem hrelliklám. Stundum er það með ásetningi um að beita yngri börn ofbeldi og dreifa því og selja. Framleiðsla, skoðun, öflun og dreifing á slíkum myndum er refsiverð samkvæmt hegningarlögum. Að mati Barnaheilla ætti það þó ekki að eiga við gagnvart börnum sem taka slíkar myndir af sjálfum sér til eignar eða til að senda öðrum. Barn sem er yngra en 15 ára er ósakhæft vegna aldurs og yrði því ekki ákært fyrir að taka nektarmynd af sér og senda en hins vegar er engin undanþága frá ólögmæti framleiðslu og dreifingar nektarmynda fyrir börn frá 15–18 ára og því væri lögum samkvæmt hægt að ákæra börn á þeim aldri fyrir slíkt.

**Inni á heimasíðum Barnaheilla, lögreglunnar, SAFT og víðar má finna ábendingahnapp þar sem hægt er að senda tilkynningar um myndir eða myndbönd sem brjóta gegn friðhelgi einkalífs barna.**

Að mati Barnaheilla þarf að taka af allan vafa um að börnum verði ekki gerð refsing fyrir að taka af sér nektarmynd og senda vini. Barn sem náð hefur 15 ára aldri ætti að hafa um það frelsi hvort það taki mynd af eigin líkama og sýni jafningja með samþykki beggja. Vitanlega er þó mikilvægt að gæta að mörkum annarra og virða.

Á dögunum var frumsýnd stuttmyndin „Myndin af mér“, en hún er fræðslu- og forvarnamynd um stafrænt kynferðisofbeldi eftir Brynhildi Björnsdóttur og Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur. Börn eiga rétt á vernd gegn öllu ofbeldi og því er afar mikilvægt að börn og allir sem hafa með uppeldi og þjónustu við börn að gera séu vel upplýstir um forvarnir og viðbrögð við ofbeldi gegn börnum. Því hvetja Barnaheill til þess að „Myndin af mér“ verði nýtt í þeim tilgangi í skólum, félagsmiðstöðvum, af foreldrafélögum og hvarvetna sem þörf er á.

Barnaheill hvetja samfélagið allt til þátttöku í að vernda öll börn gegn ofbeldi.



# KSÍ telur eðlilega skýringu á milljónagreiðslum til Geirs

**Laun og launauppgjör við Geir Þorsteinsson, fyrrverandi formann KSÍ, kostaði sambandið 11 milljónir króna á síðasta ári. Geir átti inni orlof og hélt vinnu sinni áfram í rúma tvo mánuði eftir að nýr formaður, hafði tekið við í febrúar. Ársþing KSÍ fer fram um helgina þar sem reikningarnir verða útskýrðir frekar.**

**FÓTBOLTI** Í ársskýrslu KSÍ, sem birtist um helgina, kemur fram að skrifstofu- og rekstrarkostnaður Knattspyrnusambands Íslands jókst um 36 prósent á milli áranna 2016 og 2017. Launakostnaður á skrifstofunni, sem taldi 18 starfsgildi í fyrra en 17 árið áður, jókst um fjögur prósent á milli ára en launatengd gjöld um rúmlega 60 prósent.

Þar eiga laun og launauppgjör við fyrrverandi formann sambandsins, Geir Þorsteinsson, sem kostaði sambandið 11 milljónir króna í fyrra stóran þátt. Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, segir að reikningarnir verði skýrðir á ársþinginu sem fram fer á laugardag.

„Geir var áfram í vinnu eftir að síðasta ársþingi lauk. Hann fór utan á okkar vegum, átti óúttekið orlof og fékk starfslokasamning í ljósi þess að hann var starfsmaður hér í meira en 20 ár,“ segir Klara. Hún bætir við að Geir hafi ekki fengið 11 milljóna eingreiðslu og hafi unnið og sinnt verkefnum í rúma tvo mánuði eftir síðasta ársþing.

Búast má við nokkuð fjörugu þingi því þó bæði karla- og kvennalandsliðið sé á topp 20 á styrkleikalistum FIFA og eigið fé KSÍ hafi verið 539 milljónir króna í árslok eru ekki allir sáttir við KSÍ. Þeir formenn knattspyrnufélaga sem Fréttablaðið ræddi við í gær bentu á að of mikil athygli væri að fara í gullgæsina, sem er karlalandsliðið, og sagði einn að það vantaði jafnvægi, eins og hann orðaði það.

benediktboas@365.is



KSÍ lét 179 milljónir til aðildarfélaga til að styrkja barna- og unglingastarf.



Geir Þorsteinsson

**30** milljónir fóru í laun og bifreiðastyrk til formanns og framkvæmdastjóra KSÍ.

> Hann fór utan á okkar vegum, átti óúttekið orlof og fékk starfslokasamning í ljósi þess að hann var starfsmaður hér í meira en 20 ár.

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ





## Íþyngjandi að skila inn samningum

Fjórar tillögur bárust KSÍ fyrir ársþingið. Stjórn KSÍ leggur til heildarbreytingu á nokkrum lögum sambandsins, Reynir Sandgerði vill fjölga liðum í þriðju deild úr 10 í 12 og þá vill KSÍ fara svokallaða skosku leið. ÍBV leggur svo til tillögu um að bæta við orðunum; „nema félagið geti sýnt með sannarlegum hætti að staðið hafi verið allar hliðar samningsins,“ í lög um félagaskipti.

Í greinargerð félagsins kemur fram að leikmaður félagsins á síðasta ári hafi viljað fara en ÍBV ekki getað orðið við því. Leikmaðurinn leitaði til annars liðs sem tók eftir því að samningurinn var ekki skráður á vef KSÍ. Hann gat því farið frá ÍBV án þess að Eyjamenn fengju greitt. Skapaði það togstreitu eins og það er orðað. Er málsgreinin sögð íþyngjandi og vill félagið því bæta þessum orðum við.

„Með sannarlegum hætti er til að mynda átt við launaseðla leikmanns frá félaginu, hvort leikmaður mæti á æfingar og/eða spili leiki með félaginu eða farið sé að öllu eins og um samningsbundinn leikmann væri að ræða.“

Minniháttar mistök geta annars reynst dýr, en ÍBV segir ávallt halla á hlið félagsins.

## Styðja Sterling

**FÓTBOLTI** Flestir eru sammála að Raheem Sterling, leikmaður Manchester City, hafi átt klúður tímabilsins í leik liðsins gegn Burnley. Hann hitti þá ekki markið af nokkurra metra færi. Sachin Nakrani, yfirmaður íþróttadeildar The Guardian, kallaði þetta á Twitter versta klúður í sögu ensku deildarinnar, jafnvel verra en þegar Ronny Rosenthal klikkaði gegn Aston Villa 1992. Pep Guardiola, stjóri City, sagði í gær að svona gæti gerst í fótbolta og hann myndi skora í næsta færi sínu og Kevin de Bryune liðsfélagi Sterlings sagðist ekkert vera að stressa sig á atvikinu. Sterling hafi svo oft bjargað liðinu á ögurstundu í vetur. Það sé því áfram gakk á æfingasvæði toppliðsins.



## Ekki rasisti

**FÓTBOLTI** Sergio Garcia, leikmaður Espanyol, sendi frá sér hina undarlegustu afsökunarbeiðni á Instagram þar sem hann segist ekki vera rasisti þrátt fyrir að hafa kallað Samuel Umtiti svartan skít. Umtiti er dökkur á hörund og áttu þeir í einhverju orðaskaki í lok leiksins. Spænskir fjölmiðlar fjölluðu um málið og komust að því að Garcia hefði látið þessi orð falla.

Garcia segir í yfirlýsingu sinni að hann hafi rætt við Umtiti og þessi orð hafi verið sögð í hita leiksins. „Það var aldrei ætlun mín að vera rasisti. Þið vitið að konan mín er af sígaunaættum og í hverfinu þar sem ég ólst upp voru krakkar af öllum þjóðernum. Mágur minn, sem ég virði og er mikill vinur minn, er dökkur á hörund. Það sem gerist inni á vellinum á skilja eftir á vellinum. Áfram Espanyol,“ skrifaði kauði. Þar með vonar hann að málinu sé lokið. Ekki er víst að spænska knattspyrnusambandið líti málið sömu augum.



# SÆNSK GÆÐAMÁLNING

## MÚRBÚÐARVERÐ

Deka Projekt 05, 3 lítrar (stofn A)
**2.490**

Deka Projekt 10, 10 lítrar (stofn A)
**6.390**

Deka Gólfmálning grá 3 ltr.
**4.690**

Deka Meistaralakk 70
Akrýllakk. hvítt. 1 líter
**2.190**

Bakki, 25 cm rúlla, grind
og pensill. - Sett
**1.490**

Bostik málarakýtti
**340**

Bostik hraðspartl
250ml
**490**

Aqua 25 innimálning á bað. 4 Lítrar (stofn A)
**4.190**

Mako pensill
50mm
**290**

MIKIÐ ÚRVAL

Litaspray, verð frá
**795**

Yfirbreiðsla Fleece 1x3m
**540**
1x5m kr. 825

Bostik medium LH
spartl 5 lítrar
**1.990**

Tia 25 cm
málningarrúlla
**575**

Tia grind fyrir rúllu
**265**

MJÖG SLITSTERKT

Hagmans PU gólflakk 1 ltr.
**2.990**

Mako málningarlím-
band 25mm x 50m.
**395**

Áltrappa 3 þrep
**3.990**

Áltrappa 4 þrep 4.940
5 þrep 6.390
6 þrep 6.990

Framlengingarskaft
fyrir rúllur Tia-EP
2-4 metrar
**495**

Mako ofnarúlla
**375**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
Gott verð fyrir alla, alltaf!



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, sonur og bróðir,

**Zaiwang Zheng**

lést 23. janúar síðastliðinn.
Útförin fer fram fimmtudaginn
8. febrúar kl. 11 frá Fossvogskapellu.

**Eva Qing Ye**
**Yuanye Jón Zheng**
**Rushi Rós Zheng**
**Tianmin Zheng** **Youchun Tang**
**Zai Qin Zheng**



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Ólafur Pétur Jensen**

rafvirkjameistari,

lést fimmtudaginn 1. febrúar á dvalar-
og hjúkrunarheimilinu Grund.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju
mánudaginn 12. febrúar kl. 13.00.

**Edvard Ólafsson** **Pálína Oswald**
**Ólafur Valur Ólafsson** **Alma Möller**
**Halldór Ólafsson** **Katrín Sæmundsdóttir**
**Sveinn V. Ólafsson** **Sigríður Ísafold Håkansson**
**barnabörn og langafabörn.**



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Kristín Kristvarðsdóttir**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
föstudaginn 2. febrúar.
Útförin verður auglýst síðar.

**Agnar Erlingsson** **Elín Erlingsson**
**Þorkell Erlingsson** **Margrét Hrefna Sæmundsdóttir**
**Ólafur Erlingsson** **Anna Arnbjarnardóttir**
**Kristinn Ágúst Erlingsson** **Sölvi Aasgaard**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441




*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

# Heimildarmynd í beinni

**Tónleikaröðin Söngvaskáld á Suðurnesjum fjallar um hinn ríka tónlistararf Reykjanesbæjar. Í kvöld verður fjallað um Rúnar Júlíusson, að sjálfsögðu í Hljómahöllinni.**



**Tríóið sem stendur að tónleikunum, þau Arnór, Elmar og Dagný hlakka til kvöldsins.**

Við verðum með fyrstu tónleika ársins í kvöld klukkan 20 og ætlum að fjalla um sjálfan Rúnar Júlíusson, eða Hr. Rokk. Þeir verða auðvitað í Hljómahöllinni sem líka hýsir Rokksafn Íslands,“ segir Dagný Magnúsdóttir, einn þremenninganna sem standa að tónleikaröðinni Söngvaskáld á Suðurnesjum sem vakið hefur athygli tvö undanfarin ár. Hinir eru Arnór B. Vilbergsson og Elmar Þór Hauksson. Saman sjá þau um að syngja, spila og segja tónlistarsögu Reykjanessins og uppselt hefur verið á flesta tónleika.

„Það má segja að um heimildarmynd í beinni sé að ræða því við segjum sögu söngvaskáldanna á milli laga og bregðum upp myndum frá ferli þeirra. Það liggur mikil vinna á bak við hverja tónleika þar sem tekin eru viðtöl við söngvaskáldin og samstarfsmenn eftir því sem kostur er og víða leitað heimilda. Ljósmyndir sýna líka bæjarbrag hvers tíma,“ lýsir Dagný. Hún segir hópinn lítið fyrir formlegheit en að mikið sé lagt upp úr afslöppuðu andrúmslofti. „Það má segja að þetta séu stofutónleikar og stundum bjóðum við gestum í sófann. Við viljum hafa allt á persónulegum nótum og ég býst við að það skíni í gegn að við þrjú skemmtum okkur manna best.“

Þau Dagný, Arnór og Elmar hafa starfað saman að ýmsum tónlistarverkefnum síðustu ár, eftir að kynni tókust með þeim í Kór Keflavíkurkirkju þar sem Arnór er organisti. Spurð hvort þau óttist ekki að verða uppiskroppa með söngvaskáld svarar Arnór: „Það er öðru nær, við eigum meira að segja kanónu eins og Gunna Þórðar eftir.“

> **Við viljum hafa allt á persónulegum nótum og ég býst við að það skíni í gegn að við þrjú skemmtum okkur manna best.**

**gun@frettabladid.is**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorlákur Ásgeirsson**

húsasmíðameistari,

lést þriðjudaginn 30. janúar á
dvalarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ.

Útförin fer fram frá Grensáskirkju miðvikudaginn
7. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast
afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er
bent á líknarfélög.

**Ása Guðbjörnsdóttir**
**Kristín Dagný Þorláksdóttir**
**Ásgeir Þorláksson** **Eva Hildur Kristjánsdóttir**
**Vilhjálmur Þorláksson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Þorgeir Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar yndislega

**Emilía Sigurðardóttir**

er látin.
Útför hennar verður fimmtudaginn
8. febrúar kl. 13.00 í Neskirkju.

**Brynja Guttormsdóttir** **Rúnar Hauksson**
**Björt Rúnarsdóttir** **Ramón Puey Escartín**
**Halldóra Aradóttir** **George L. Claassen**



Hjartkær móðir okkar,

**Þóra Eyjólfsdóttir**

áður til heimilis að Fögrukinn 26,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þann
31. janúar sl. Útförin fer fram frá
Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn
8. febrúar kl. 15.00.

**Eyjólfur Þ. Kristjánsson** **Regína B. Hansdóttir**
**Sigríður Á. Sævaldsdóttir** **Kjartan Hreinsson**
**Sigurborg H. Sævaldsdóttir** **Þorvaldur I. Jónsson**
**Eiríkur V. Sævaldsson** **Hafdís Baldursdóttir**
**Kristinn J. Sævaldsson** **Brynja B. Bjarkadóttir**



Ástkær eiginkona mín,
móðir, dóttir og systir,

**Arndís Halla Jóhannesdóttir**

lést á Landspítalanum við Hringbraut
föstudaginn 2. febrúar sl.
Útför hennar fer fram fram
frá Akraneskirkju miðvikudaginn
14. febrúar nk. kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem
vilja minnast hennar er bent á Stuðningsfélagið Kraft;
„Lífið er núna.“

**Eyjólfur Rúnar Stefánsson**
**Marín Rós Eyjólfsdóttir**
**Rakel Rún Eyjólfsdóttir**
**Guðbjörg Gísladóttir**
**Jóhannes Finnur Halldórsson**
**Halldór Bjarkar Jóhannesson**
**Ástrós Una Jóhannesdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



Elskulegur faðir okkar,

**Helgi Helgason**

fyrrverandi bóndi á Kjarna,

lést á dvalarheimilinu Hlíð,
fimmtudaginn 25. janúar síðastliðinn.
Útförin fer fram í kyrrþey að hans ósk.
Innilegar þakkir fær starfsfólkið á Hlíð fyrir
umhyggju og hlýhug. Þeim sem vilja minnast hans er bent
á að láta öldrunarheimili Akureyrar njóta þess.

**Börnin.**

# Fólk

## Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 6. FEBRÚAR 2018



# Fræði sem færa hamingju

**Ásdís Olsen, mindfulness-kennari, segir að fólk leggi mikla áherslu á það sem er að, en að jákvæð sálfræði kenni okkur hvað einkennir hamingjusama og mindfulness geti stuðlað að þeim þáttum.**

**Ásdís Olsen segir að mindfulness sé í raun heilaþjálfun sem geti aukið hamingju fólks.** MYND/STEFÁN KARLSSON


*Frábærar veislur fyrir hópa*

**Lambalæri bernaise og lambakótelettur 3.600 kr.**
**Þorramatur og heit og köld sviðaveisla 3.600 kr.**
**Siginn fiskur og saltfiskur með hömsum 2.900 kr.**

Sjávarréttasúpa, smáréttir, salatbar og viðeigandi meðlæti, kaffi og hjónbandssæla innifalið

Lágmark 10 manns.
Nánari upplýsingar á sjavarbarinn.is



SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is





Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Ásdís Olsen, hamingjufræðingur og mindfulness-kennari, hefur fjallað um jákvæða sálfræði, mindfulness og núvitund árum saman og sérhæft sig í hagnýtum aðferðum til að auka hamingju fólks. Þessi þættir eru nátengdir, því jákvæð sálfræði veitir upplýsingar um hvað það er sem gerir fólk hamingjusamt, á meðan mindfulness veitir verkfærin til að auka hamingju sína. Hún segir að allir geti aukið hamingju sína með markvissri þjálfun.

„Mindfulness hefur verið kallað núvitund á íslensku en er að mínu mati svo miklu meira,“ segir Ásdís. „Það er leið til meðvitundar um sjálfan sig, hugarfar sitt, tilfinningar og hegðun. Með mindfulness erum við erum að efla tilfinningagreind og líkamsvitund. Þess vegna hef ég ekki viljað nota orðið núvitund í sama skilningi.

## Ný og spennandi fræðigrein

Jákvæð sálfræði er ný og spennandi fræðigrein sem beinir athyglinni að því sem gagnast almenningi til að auka hamingju sína,“ segir Ásdís. „Jákvæð sálfræði veitir upplýsingar um hvað það er sem gerir fólk hamingjusamt, á meðan mindfulness hefur verkfærin sem gagnast fólki til að auka hamingju sína.

Hugmyndin að þessari nýju fræðigrein varð til hjá sálfræðingafélaginu í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum,“ segir Ásdís. „Martin Seligman, sem er sagður upphafsmaður jákvæðrar sálfræði, var þá formaður bandaríska sálfræðingafélagsins. Hann stakk upp á því að fræðimenn færu að beina athygli sinni að því sem einkenndi hamingjusamt fólk, að styrkleikum fremur en veikleikum og því sem er í lagi fremur en því sem er í ólagi,“ segir Ásdís.

„Jákvæða sálfræðin miðlar hagnýtum upplýsingum til venjulegs fólks,“ segir Ásdís. „Við vitum að hamingjusamt fólk er vel tengt, er með meðvitund um sjálft sig, veit hvað það hugsar og hvernig því líður, á gott með nánd og er í sterkum tengslum við fólkið sitt.



Ásdís segir að við getum ekki kennt ytri aðstæðum um líðan okkar og verðum að bera ábyrgð á henni sjálf. MYND/STEFÁN

> Hamingjan er óþrjótandi auðlind sem allir hafa aðgang að og því fleiri sem finna hamingjuna, því betra verður að lifa í heiminum.

Við vitum að það eru ekki ytri aðstæður sem ráða hvernig okkur líður, heldur afstaða okkar og hugarfar. Það er s.s. ekki hægt að kenna ríkisstjórninni eða makanum um óhamingju sína, heldur berum við sjálf ábyrgð á stöðu okkar og afstöðu.

Mörg okkar ætla að verða hamingjusöm seinna, þegar við erum búin að gera allt sem þarf að gera,“ segir Ásdís. „En þá kann heilinn það ekki. Hann er í mótun alla tíð og ef við erum alltaf að þjálfa streitusvæðin og vitræna svæðin förum við svolítið á mis við að virkja hamingjusvæðin í heilanum. Mindfulness er í raun eins og æfingakerfi til að styrkja þau svæði í heilanum.

## Eigum bara augnablikið

Mindfulness hjálpar manni að tengjast sjálfum sér og upplifa það sem er að gerast á meðan það er að gerast,“ segir Ásdís. „Þar eru í raun öll ævintýrin að gerast, því eini tíminn sem þú átt er þetta augnablik og það er eini tíminn þar sem þú getur séð, heyrt, skynjað og lært eitthvað nýtt. Ávinningurinn af þessu er aukin tenging við hjartað og innsæið. Við fáum aukna tilfinningagreind og samkennd og erum færari um að elska okkur sjálf og aðra. Við þurfum að geta tengt við okkur sjálf til að geta tengst öðrum og tengsl eru forsenda hamingjunnar. Mannskepnan þrífst ekki í einangrun, streitu og firringu.

Við getum litið á hugarfarið og þetta vitræna svæði heilans sem innrætingu eða „forritun“ sem við fáum úr uppeldi okkar og umhverfi,“ segir Ásdís. „Mörg okkar eru ekkert sérlega heppin með „forrit“ og erum óörugg og hrædd í lífinu og ótti er undirrót alls ills. Birtingarmynd óttans er, svo dæmi séu tekin, gagnrýni, fordómar, stjórnsemi og gremja. Mindfulness hjálpar okkur að endurforrita.



Ásdís hoppar af kæti á hæsta punkti Ítalíu. MYND/HELGA BERGMANN

## Verkfæri sem virkar

Mindfulness er verkfæri sem virkar,“ segir Ásdís. „Fyrirtæki eins og Google og Apple hafa innleitt mindfulness sem leið til að auka persónulega færni starfsmanna, koma í veg fyrir streitu og samkeppni og auka möguleika, sköpun og gleði í starfi.

Öflugustu fyrirtæki í heimi leggja nú aukna áherslu á mannlega þætti, eins og tilfinningagreind, samskipti, hugmyndaauðgi, sveigjanleika og húmor.

Mindfulness hjálpar okkur að nýta það sem jákvæð sálfræði kennir,“ segir Ásdís. „Hamingjan er óþrjótandi auðlind sem allir hafa aðgang að og því fleiri sem finna hamingjuna, því betra verður að lifa í heiminum.“

Ekki kvefast á skíðum




PreCold® getur komið í veg fyrir kvef og stytt kveftíma um allt að helming.
PreCold® má nota fyrirbyggjandi eða þegar kvefeinkenna verður fyrst vart. PreCold® er auðvelt í notkun, hefur skjóta verkun og hentar fullorðnum og börnum frá 4 ára aldri.
Fæst í apótekum og Fríhöfninni - www.precold.is
Dreifingaraðili: Vistor hf. Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000

NÝ SENDING AF VORVÖRUM



ÚTSALA
50%
AFSLÁTTUR
Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 6. FEBRÚAR 2018

# Nýr Land Cruiser reyndur í Namibíu

Talsverðar breytingar eru á ytra útliti en enn meiri að innan sem færir hann eiginlega í lúxusbílaflokk. →6



MYND/PÁLL ÞORSTEINSSON





## Nissan fengið þrettán þúsund pantanir í Leaf í Bandaríkjunum

Mikill spenningur og eftirspurn virðist vera eftir nýrri kynslóð rafmagnsbílsins Nissan Leaf og streyma fyrirframpantanir inn frá öllum heimshornum. Í Bandaríkjunum eru til að mynda komnar nú þegar yfir 13.000 pantanir í bílinn og það verður að teljast há tala í því ljósi að sala Nissan Leaf í Bandaríkjunum var 11.230 bílar í fyrra og 14.006 bílar árið 2016. Í Evrópu eru líka komnar yfir 10.000 pantanir í bílinn og samkvæmt upplýsingum frá BL eru þegar komnar yfir 130 fyrirframpantanir hér á landi. Nýr Nissan Leaf hefur 350 km drægni með nýrri 40 kWh rafhlöðu og telst því með langdrægari rafmagnsbílum þó hann slái ekki við dýrum bílum Tesla í þeim efnum. Hafa verður þó í huga að Nissan Leaf er um þrisvar sinnum ódýrari bíll en Tesla Model S og X. Það hefur vafalaust aukið mjög eftirspurnina eftir nýjum Leaf nú að hann hefur tekið stórstígum framförum hvað útlit varðar og er nú gullfallegur bíll. Auk þess hefur afl hans aukist nokkuð og aksturseiginleikar til mikilla muna. Hann er að auki mjög vel búinn, en hefur reyndar verið það frá upphafi. Í næsta bílablaði verður sagt frá reynsluakstri nýs Nissan Leaf.



## Bob Lutz spáir Tesla gjaldþroti

Einn áhrifamesti stjórnandi í bílaiðnaðinum á síðustu öld, Bob Lutz, sagði í viðtali fyrir skömmu að ráðlegt væri að flýta sér að kaupa eintak af Tesla Model S bílnum áður en hann verður að söfnunarbíl þar sem hann sæi ekki annað en Tesla væri á lóðréttri leið á hausinn. Lutz sagði að þar færi frábær bíll sem slægi við flestum 40 milljóna króna evrópskum ofurbílum, en vandinn væri sá að hann væri framleiddur með miklu meiri tilkostnaði en hann er seldur á og tap Tesla hlæðist upp. Bob Lutz minnti einnig á að Tesla ætti í miklum erfiðleikum við að koma af stað fjöldaframleiðslu á nýjasta bíl sínum, Model 3, og sagði að Elon Musk væri ekki að reka gott bílaframleiðslufyrirtæki. Lutz bætti því við að eftir 25 ár yrði Tesla minnst sem fyrsta rafmagnsbílaframleiðandans sem tókst að framleiða fallegan og hraðskreiðan rafmagnsbíl með mikla drægni en saga þess yrði í fortíðinni. Bob Lutz var yfirmaður hjá mörgum þekktum bílafyrirtækjum á síðustu öld, þar á meðal Chrysler, BMW, General Motors og Ford. Hvort Bob Lutz hefur eitthvað fyrir sér eða ekki verður bara að koma í ljós en fjárfestar á Wall Street virðast á öðru máli miðað við hátt verð á hlutabréfum í Tesla, þrátt fyrir að Tesla hafi skilað gríðarmiklu tapi á svo til öllum ársfjórðungum síðustu ára. „Það verður mikil synd þegar þeir fara á hausinn.“

# Metan sem ökutækjaeldsneyti

**Íslenska metanið er í allra hæsta gæðaflokki með allt að 98% hreinleika. Mikið framboð er á metan og núverandi framleiðsla þess á Íslandi nægir til að knýja 3.500 bíla en einungis 6-8% af henni eru nýtt. Nýtur vinsælda um allan heim.**

Metaneldsneyti nýtur síaukinna vinsælda um allan heim og er notað á allar gerðir ökutækja, allt frá hefðbundnum fólksbílum til stærri og sérhæfðari samgöngutækja á borð við strætisvagna eða sjúkraflutningabifreiðar. Mikið framboð er af metaneldsneyti í heiminum. Bæði í formi jarðgass í jarðskorpunni og framleiddu metani úr lífrænu efni á yfirborði jarðar. Á akstri metanbíla finnst enginn munur á því hvort ekið er á jarðgasi eða framleiddu metani, svokölluðu nútímametani, enda er orkusameindin í metaneldsneyti sú sama, $CH_4$. Víða um heim er metan framleitt í sérstökum verksmiðjum úr lífrænum úrgangi frá heimilum, fyrirtækjum, landbúnaði og annarri atvinnustarfsemi.




Metaneldsneyti nýtur síaukinna vinsælda um allan heim og er notað á allar gerðir ökutækja.

### Íslenskt metaneldsneyti

Sorpa hefur framleitt metan fyrir ökutæki síðan árið 2000 úr hauggasi sem myndast við niðurbrot á lífrænu efni. Íslenska metanið er í allra hæsta gæðaflokki með allt að 98% hreinleika. Mikið framboð er á metani og núverandi framleiðsla þess á Íslandi nægir til að knýja um 3.500 bifreiðar en einungis 6-8% af henni eru nýtt. Aðgengi að metani á Íslandi er gott og unnið er að því að það verði enn betra. Í dag er metaneldsneyti afgreitt á fjórum stöðvum á höfuðborgarsvæðinu og á einni stöð á Akureyri.

Árið 2018 er stefnt að því að starfsemi hefjist á fyrstu gas- og jarðgerðarstöðinni á Íslandi hjá Sorpu í Álfsnesi. Metanvinnsla Sorpu mun þá aukast til muna og heildarframleiðslan frá stöðinni og urðunarstaðnum duga til að knýja um 7-8.000 metanbíla. Metanmöguleikar Íslands er svo miklir að þeir nægja til að knýja allan bílaflota landsins.

> **»Sorpa hefur framleitt metan fyrir ökutæki síðan árið 2000 úr hauggasi sem myndast við niðurbrot á lífrænu efni. Íslenska metanið er í allra hæsta gæðaflokki með allt að 98% hreinleika.**

### Umhverfisvænna og ódýrara

Metan er öruggt, skaðlaust við innöndun og snertingu, ódýrara en annað eldsneyti og umhverfisvænt í samanburði við aðra valkosti til vélknúinna samgangna. Við brennslu metans er losun útblástursefna töluvert minni en við brennslu bensíns eða dísilolíu. Þannig er koltvísýringur 20% minni í metanbílum en venjulegum bílum og þar sem metan er unnið úr hauggasi sem verður til úr lífrænum úrgangi hefði sá koltvísýringur sem myndast hvort eð er orðið til á urðunarstaðnum. Það þýðir að heildaraukning koltvísýrings í andrúmslofti er engin.

Með því að brenna metaninu í ökutækjum dregur einnig úr gróðurhúsaáhrifum þar sem óbrunnið metangas hefur yfir tuttugufalt meiri áhrif en koltvísýringurinn sem verður til við brunann. Með notkun á íslensku metani í stað bensíns og dísilolíu er dregið verulega úr því magni af koldíoxíði sem ella losnar út í umhverfið. Þeir bílar sem knúnir eru af metani eru hannaðir til að valda sem minnstum gróðurhúsaáhrifum, þökk sé notkun á háþróuðustu tækni. Til dæmis valda þeir áþreifanlega minni mengun en bílar sem nota hefðbundið eldsneyti, ekki aðeins hvað varðar nítrógenoxíð, karbón mónoxíð og díoxíð og botnfallsefni, heldur líka hvað varðar krabbameinsvaldandi efni á borð við vetniskol, aldehýð og ilmandi efni á borð við bensól. Auk þess að vera umhverfisvænn kostur eru metanbílar einnig ódýrari í innkaupum og rekstri.

### Metanbílar

Metanbíll lítur út eins og venjulegur bíll og hefur bæði metan- og bensínvél. Vélin gengur aðallega fyrir metangasi, en virkni hennar og akstursvið eru aukin með bensíntanki sem er til að mynda 50 lítra hjá metanbílum frá Skoda og Volkswagen. Þeir geta ekið ýmist á metani, bensíni eða nýtt báða orkugjafana sem hefur í för með sér að hægt er að aka mjög langt á einni áfyllingu.

Metanbílar eru einnig frábær kostur fyrir heimilin þar sem þeir eru tvíorkubílar og geta ekið á bensíni ef langt er í næstu metanstöð. Í dag dugar innihald um fimm sorphirðubíla til að knýja fjölskyldubíl á borð við Skoda Octavia G-Tec í heilt ár, miðað við meðalakstur. Nú þegar eru allir sorphirðubílar Reykjavíkurborgar knúnir metani. Þar sem metanbílar eru mjög umhverfisvænir eru þeir undanskildir vörugjöldum sem gera þá ansi hagkvæma í innkaupum sem og rekstri.

# Renault-Nissan- Mitsubishi hyggst selja 14 milljónir bíla árið 2022

Á síðasta ári seldi fyrirtækjasamstæða Renault, Nissan og Mitsubishi 10.608.366 bíla, 6,5% fleiri en 2016, og skýrist aukningin aðallega af vaxandi eftirspurn eftir jepplingum, litlum sendibílum og hreinum rafbílum. Carlos Ghosn, forstjóri og stjórnarformaður Renault-Nissan- Mitsubishi, segir að heildarsalan á síðasta ári hafi skipað fyrirtækinu í fyrsta sæti á lista söluhæstu bifreiðaframleiðendanna á árinu. Samstæðan samanstendur af tíu bílaframleiðendum: Renault, Nissan Motor, Mitsubishi Motors, Dacia, Renault Samsung Motors, Alpine, Lada, Infiniti, Venucia og Datsun. Stærsti markaður samstæðunnar á síðasta ári var Kína þar sem 1.719.815 bílar voru seldir. Fast á hæla Kína fylgdu Bandaríkin með einungis 22.666 færri bíla. Söluhæsti einstaki framleiðandi samstæðunnar var Nissan Motor sem seldi 5.816.278 bíla. Þá kom Renault Group með 3.761.634 bíla og þá Mitsubishi Motors með alls 1.030.454 bíla.

### Rafbílar helstu driffjaðrirnar

Helstu driffjaðrir samstæðunnar eru hreinir rafbílar fyrirtækjanna þar sem vaxandi eftirspurn er á öllum helstu mörkuðunum, ekki síst í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu og seldust alls 91 þúsund fleiri rafbílar á síðasta ári en 2016. Alls hefur samstæðan selt 540.623 raf-



Hin nýja kynslóð Nissan Leaf.

bíla frá því í desember 2010 þegar Nissan Leaf kom fyrst á markað en hann er söluhæsti einstaki rafbíll heims með yfir 300 þúsund selda bíla. Sala á nýrri kynslóð Leaf er að hefjast um þessar mundir og hafa rúmlega 40 þúsund aðilar í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan lagt inn pöntun á nýja bílnum, þrettán þúsund í Japan, jafn margir í Bandaríkjunum og rúmlega 12 þúsund í Evrópu, þar af rúmlega 130 hjá BL, þar sem bíllinn verður kynntur í apríl.

### 14 milljóna markið 2022

Samkvæmt áætlun samstæðunnar til 2022 verða 12 nýir mengunarlausir bílar kynntir á tímabilinu og 40 bílgerðir með sjálfakandi tækni. Gert er ráð fyrir að eftirspurn eftir slíkum bílum auki heildarsölu samstæðu Renault, Nissan og Mitsubishi verulega og að í árslok 2022 verði heildarsala samstæðunnar orðin um 14 milljónir bíla á ári.




HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

## Vertu Hybrid megin í umferðinni ásamt 11 milljónum ökumanna um heim allan.

Hybrid bílarnir frá Toyota eru einstaklega áreiðanlegir og liprir í akstri. Þeir eru búnir hátæknilegum búnaði þar sem kerfið sér sjálft um að skipta milli bensínmótors og rafhlöðu á orkusparandi hátt. Rafhlaðan er hönnuð til að endast líftíma bílsins og þú þarft aldrei að stinga í samband!

Veldu kraft, fegurð og framfarir, og færðu þig yfir á Hybrid í dag.

· **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bílarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# BÍLAR



Frá afhendingu fyrsta bílsins sem var seldur með rafrænum bílasamningi.

## Rafrænir samningar auðvelda kaupin

Ég bara gekk frá þessu í gegnum símann áður en ég fór á staðinn að sækja bílinn. Það gekk nú eiginlega fáránlega snurðulaust fyrir sig,“ segir Hannes Hauksson sem varð fyrstur til að ganga frá fjármögnun á bílakaupum með nýrri tegund rafrænna bílasamninga sem eru hluti af verkefni Arion banka, Stafrænni framtíð. „Ég átti nú ekki endilega von á því að þetta yrði svona einfalt. Ég var búinn að heyra að þetta væri glænýr möguleiki, sem ég yrði fyrstur til að nota, en það er ekki alltaf þannig að hlutirnir virki þegar á hólminn er komið þó sérfræðingarnir séu búnir að prófa þá áður,“ segir Hannes og hlær, en hann fékk á föstudag afhentan glænýjan Hyundai Tucson. „Þar að auki er ég langt frá því að vera mikill app- eða tækninörd. Þetta ferli er hins vegar alveg aulahelt. Ef maður er með rafræn auðkenni er þetta beint af augum. Getur ekki verið einfaldara.“

### Var ekki einu sinni á staðnum

Það var Benedikt Emilsson, löggiltur bílasali hjá Hyundai á Íslandi, sem var Hannesi innan handar. „Þetta er mikil bylting fyrir okkur, engin spurning um það. Í þessu tilviki var viðskiptavinurinn ekki einu sinni á staðnum þegar við gengum frá fjármögnuninni,“ segir Benedikt og bætir við: „Þetta mun gera vinnu okkar bílasala miklu þægilegri. Að geta fengið svar á örfáum mínútum er ótrúlega mikil breyting og svo er þessi kostur opinn allan sólarhringinn alla daga vikunnar. Áður var ekki hægt að fá svar um samþykkt fjármögnunar eftir klukkan 16 og um helgar ekki fyrr en næsta virka dag.“ Benedikt segir að ferlið sé afar einfalt. Þegar viðskiptavinurinn hefur fundið rétta bílinn fær hann send í símann sinn skilaboð, sem hann samþykkir með rafrænum auðkennum, og fer svo í gegnum nokkur þrep til að klára fjármögnunina. Þetta ferli er 100 prósent rafrænt og pappírslaust þar sem undirritað er með rafrænum skilríkjum. Ef þörf er á greiðslumati vegna umsóknarinnar er það innbyggt í kerfið og lokið á aðeins þremur mínútum gjaldfrjálst.

### Lengi markmið að einfalda bílafjármögnun

Sævar Bjarnason, forstöðumaður bíla- og tækjafjármögnunar Arion banka, segir að það hafi lengi verið markmið Arion banka að finna leið til að einfalda aðkomu viðskiptavina að bílafjármögnun hjá samstarfsaðilum bankans, sem eru bílaumboð og bílasalar notaðra bíla. „Við teljum okkur vera búin að finna þá leið með þessari tegund rafrænna bílasamninga og erum mjög ánægð með útkomuna,“ segir Sævar.

# Gerry McGovern hjá Land Rover er hönnuður ársins

Hlaut verðlaunin fyrir framlag sitt og áhrif á þróun alþjóðlegs bílaiðnaðar, ekki síst fyrir nýjan Range Rover Velar.

Yfirhönnuður Land Rover, Gerry McGovern, var í fyrrakvöld heiðraður á alþjóðlegri hönnunarhátíð bílaframleiðenda og hlaut hönnunarverðlaunin Grand Prix du Design sem afhent voru í París. Hann hlaut verðlaunin fyrir framlag sitt og áhrif á þróun hins alþjóðlega bílaiðnaðar og þá ekki síst fyrir nýjan Range Rover Velar sem formaður hátíðarinnar segir að sé framúrskarandi listaverk.

### Velar er „undurfallegt listaverk“

Verðlaunin voru ákveðin af dómnefnd fulltrúa fimmtán aðila á sviði bílaiðnaðarins, íþrótta, arkitektúrs, tísku, hönnunar, menningarmála og fjölmiðla. Við afhendinguna sagði Rémi Depoix, formaður Festival Automobile International, að Gerry McGovern hlyti verðlaunin í ár fyrir „hið undurfallega listaverk sitt, Range Rover Velar, og í raun fyrir starfsferil sinn allan og framlag sitt til greinarinnar. Eitt helsta afrek hans er hvernig tekist hefur að yfirfæra helstu séreinkenni Land Rover yfir á nýjar og breyttar kynslóðir bíla fyrirtækisins, sem birtist fyrst með Range Rover Evoque, og varðveita þau í senn. Breskur bílaiðnaður hefur gengið í endurnýjun lífdaganna vegna hugsjónar og framtíðarsýnar Gerrys McGovern og á grundvelli stórkostlegrar arfleifðar Land Rover sem bílamerkis,“ sagði Depoix við afhendinguna.



Gerry McGovern, hönnuður ársins, tekur á móti verðlaunum sínum.

### Viðurkenning á mikilvægi hönnunar

Við móttöku þeirra sagði McGovern að verðlaunin væru viðurkenning á mikilvægi hönnunar sem blasi hvarvetna við á öllum sviðum mannlegs lífs. „Við hjá Land Rover vinnum þrotlaust að því að hanna eftirsóttustu bílana á markaðnum, bílana sem viðskiptavinir okkar elska að eilífu.“ Range Rover Velar er fjórða bílgerð Range Rover og sú sem brúar bilið milli Evoque og Range Rover Sport. Frá og með 2020 verða allir nýir bílar Jaguar Land Rover einnig með rafmótor sem tengiltvinnbílar. Range Rover og Range Rover Sport eru nú þegar fáanlegir sem slíkir.









## BMW iNext með 700 km drægni

Næsti rafmagnsbíll BMW, iNext, sem sjá mun dagsljósið árið 2021 á að komast 700 km á fullri hleðslu, en þetta fullyrtu fulltrúar BMW á nýafstaðinni bílasýningu í Detroit í Bandaríkjunum. Þessi drægni er meiri en nokkur rafmagnsbíll sem í boði er nú um stundir nær. Framleiðendur rafhlaða hafa þó sagt að þeir búi yfir rafhlöðutækni sem nái þessari drægni. BMW hefur ekki látið frá sér neinar myndir af fyrirhuguðum iNext-bíl, enda minnst þrjú ár í tilkomu hans. Hafa skal í huga að erfitt getur reynst að ná þeirri drægni sem uppgefin er af framleiðendum, ekki síst í köldu landi eins og Íslandi, og því má búast við að hinn nýi BMW iNext muni tæplega komast meira en 500 km, en það dugar létt til að komast alla leið til Akureyrar og líklega Húsavíkur, væri sá áfangastaðurinn. Þegar BMW kynnti iNext-bílinn í maí síðastliðnum var sagt að hann myndi hafa drægni hið minnsta um 500 kílómetra, en hún verður meiri.

## Gott „sánd“ í Nissan Micra

Hljómburðurinn sem Bose Personal hljómtækin í Nissan Micra búa yfir þykir svo einstakur að í sameiginlegri lesendakönnun sem þýsku tímaritin Auto Bild og Computer Bild létu gera voru hljómtækin í Micra kosin þau bestu sem boðin eru í þessum stærðarflokki bíla. Í Þýskalandi velja 37% kaupenda Micra Bose Personal með nýja bílnum. Þetta eru fyrstu meiriháttar verðlaunin fyrir Bose í Micra en lesendur tímaritanna veittu því hæstu einkunn fyrir framúrskarandi hljómgæði og tengimöguleika. Kerfið er m.a. búið sex hátölurum, þar af tveimur Ultra-Nearfield™ hátölurum í höfuðpúða ökumanns. Það er einnig tengt afþreyingarkerfinu Nissan Connect sem hægt er að samþætta snjallsímum.

### Mikil viðurkenning

Helen Perry, framkvæmdastjóri smábílaframleiðslu Nissan í Evrópu, segir að í fáum löndum eigi sér stað jafn gróskumikið frumkvöðlastarf í bílaiðnaði og í Þýskalandi þar sem atvinnugreinin sé auk þess einna þróuðust í heiminum. Hún segir að því séu þessi verðlaun sem Nissan hljóti fyrir Bose í Micra einstaklega mikils virði og mikilvæg viðurkenning fyrir þá miklu vinnu sem hönnuðir Bose og Nissan lögðu í þróun hljómflutningskerfisins fyrir nýjan Micra.




HYBRID

Suzuki Ignis er með sparneytnum 90 hestafla dual Jet mótor en er einnig fáanlegur með Hybrid-búnaði sem gerir hann enn kraftmeiri og neyslugrennri.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Komdu í heimsókn og upplifðu Ignis.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR

**TOYOTA LAND CRUISER 150**

- 2,8 LÍTRA DÍSILVÉL
- 177 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 7,4 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 194 g/km CO2
**Hröðun:** 12,1 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 175 km/klst
**Verð frá:** 7.490.000 kr.
**Umboð:** Toyota Kauptúni

- Drifgeta
- Nýja innréttingin,
- Lágt verð

- Mættu vera fleiri vélarkostir

# Íslandsjeppinn sýndi taktana í Namibíu

Nýr og breyttur Land Cruiser var reyndur í Afríkulandinu Namibíu. Talsverðar breytingar eru á ytra útliti en enn meiri að innan sem færir hann eiginlega í lúxusbílaflokk. Drifgetan hefur enn aukist og er bíllinn nú hlaðinn nýjustu tækni. Eknir voru 700 kílómetrar í ægifagurri náttúru Namibíu.



Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is



Það er ekki á hverjum degi sem íslenskum bílablaðamönnum er boðið til Afríku til að prófa bíla, hvað þá þann sem reyndur var í síðasta mánuði, sjálfan Íslandsbílinn Toyota Land Cruiser. Staðsetning prófunar hans í Namibíu á sér helst skýringar í því að hann er meðal annars framleiddur í nágrannalandinu í suðri, í Durban í Suður-Afríku. Toyota Land Cruiser jeppinn er seldur í 190 löndum heims, enda á þessi fjölhæfi bíll erindi svo víða þar sem færð er ekki með allra besta móti, þökk sé frábærri drifgetu hans. Saga Land Cruiser er næstum farin að spanna mannsaldur, en hann heldur upp á 65 ára afmælið í ár og hefur aldrei selst betur. Það er jafn undarlegt við allar kynslóðir Land Cruiser, líkt og með Porsche 911, að þær sjást allar enn þá á götunum og frekara vitni um endingu þessa vinnuþjarks er vart hægt að dikta upp. Hann er líkt og minni bróðir hans, Hilux, hreint ódrepandi bíll sem gengur bara og gengur og það sem meira er, heldur ávallt ótrúlega háu endursöluverði. Það er ein af ástæðunum fyrir því af hverju bæði íslenskir kaupendur og erlendir fjárfesta sífellt í nýjum Land Cruiser, en hann er nánast í áskrift að hverri nýrri kynslóð hjá stórum hópi fólks. Það er ágætt dæmi um hörku Land Cruiser að hið strjálbýla og harða land Ástralía er stærsta einstaka söluland Land Cruiser með um 12% heimsframleiðslunnar og þar hafa frá tilkomu hans selst alls yfir 700.000 bílar.





## Laglegar útlitsbreytingar en áfram kraftalegur

Meginástæðan fyrir því að blaðamönnum alls staðar úr heiminum var boðið til Namibíu til að reyna Land Cruiser er að bíllinn hefur tekið talsvert miklum breytingum, þó svo ekki sé um að ræða kynslóðabreytingu með nýju tölunúmeri. Mestu breytingarnar að utan eru á framendanum og grillið hefur fengið mjög vel heppnaða andlitslyftingu, sem og framljósin sem nú eru með köntuðu lagi. Ef til vill sést þó mesta breytingin að framan þegar sest er upp í framsætin og horft yfir húddið. Það er nú mikið tekið niður í miðjunni og er það bæði gert til að auka karakter og skerpa línur, en ekki síður svo ökumaður sjái betur á veginn fyrir fram, sem oft er jú í formi ófæra. Frambrettin eru hærri sem er til þess gert að ökumaður geri sér betur grein fyrir breidd bílsins við þröngar aðstæður. Lengd bílsins hefur verið aukin um 6 cm og er hann nú 4,84 metra langur en samt er snúningsradíus bílsins aðeins 5,8 metrar. Bíllinn stendur nú á ferlega flottum 17, 18 eða 19 tommu felgum og eru þær stærstu með 12 rimum og prýða bílinn mjög. Afturljósin eru líka nokkuð breytt, sem og afturstuðarinn. Í heild er hér kominn enn snoppufríðari bíll, en samt heldur hann sínu kraftalega útliti sem var einmitt upphaflega meining Toyota. Fá má bílinn nú í 10 mismunandi litum og flestir reynsluakstursbílarnir voru í hrikalega flottum lit, Midnight Emerald Blue, og eftir því hvernig eða hvort Namibíusólin skein á hann var hann svartur, grænn eða blár. Nýr litur er einnig fólginn í Avant-Garde Bronze metallic lit.

## Enn meiri breytingar að innan

Að innan eru breytingar enn meiri og lúxusbílatilfinningin skín af honum þegar inn er sest. Mælaborðið og allur miðjustokkurinn með stjórntækjunum er nýr og ferlega flottur og stýrið er einnig nýtt. Stjórntakkar fyrir akstursstillingar, sem mikið voru notaðar í reynsluakstrinum, eru afar vel staðsettar og stutt að laumast í þá. Þeir vöndust strax og það var eins gott því í fjölbreyttu og erfiðu landslaginu var sífellt verið að breyta akstursstillingum bílsins og lægra drifið, læsingarnar og klifurtakkinn óspart notað. Þetta verða nýir kaupendur bílsins

jeep.is

# FLAGGSKIPIÐ FRÁ JEEP®
# GRAND CHEROKEE SUMMIT
# DÍSEL 3.0L V6 250 HÖ.
# 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING




## JEEP® GRAND CHEROKEE SUMMIT VERÐ FRÁ 11.990.000.

Hátt og lágt drif, loftpúðafjöðrun, fjarlægðarstilltur hraðastillir, 20" álfelgur, 8,4" aðgerðarskjár, lykillaust aðgengi og ræsing, rafdrifin sportsæti frammí með hita og kælingu, sjálfvirk tveggja svæða miðstöð með loftkælingu, upphitaðir hliðarspeglar, regnskynjari, panorama opnanlegt glerþak, leðurinnrétting, rafdrifinn afturhleri, íslenskt leiðsögukerfi , akgreinavari, árekstrarvari, blindhornsvörn, leggur sjálfur í stæði, Harmon Kardon hljómflutningstæki, 19 hátalarar ofl.

Umfram í SUMMIT SIGNATURE. Platínum útlit, dökk gráar Gunmetal álfelgur, upplýst Summit merki í hliðarfölsum, Platinum grill og afturljós, Signature lúxusinnrétting, Blu-Ray DVD með 2 skjáum afturí, 2x þráðlaus heyrnartól og fjarstýring. Verð: 13.590.000 kr. **TILBOÐ: 12.590.000 kr.**



| GRAND CHEROKEE | CHEROKEE | COMPASS | RENEGADE | WRANGLER |
|---|---|---|---|---|
| FRÁ KR. 8.990.000 | FRÁ KR. 6.790.000 | FRÁ KR. 5.890.000 | FRÁ KR. 4.390.000 | FRÁ KR. 8.490.000 |
| TILBOÐ FRÁ: | TILBOÐ FRÁ: | TILBOÐ FRÁ: | TILBOÐ FRÁ: | TILBOÐ FRÁ: |
| KR. 7.990.000 | KR. 5.990.000 | KR. 5.480.000 | KR. 3.890.000 | KR. 7.990.000 |

## ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
## AFLMIKLAR EYÐSLUGRANNAR DÍSELVÉLAR

Jeep®

Jeep® is a registered trademark of FCA USA LLC.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI
ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS

einkar ánægðir með. Toyota hefur með þessari breytingu á bílnum enn bætt við torfærueiginleika bílsins, auk þess sem nú má fá 360 gráðu sýn kringum bílinn, sem og sérstaka myndavél sem sýnir fram fyrir bílinn sem tekur upp þá sýn og sýnir hana 3 sekúndum síðar. Efnisvalið í innréttingunni hefur verið bætt og allar þessar jákvæðu breytingar hafa fært bílinn upp á næsta stig og ekki skaðaði nýr 8 tommu aðgerðaskjárinn fyrir miðju. Ekki hefur átt sér stað vélarbreyting í bílnum og hin duglega 177 hestafla 2,8 lítra og fjögurra strokka dísilvél er í bílnum tengd við 6 gíra sjálfskiptingu og skilar 420 Nm togi. Þó svo hún sé ekki jafn öflug og margar 6 strokka vélar í samkeppnisbílum Land Cruiser sannaði hún hve dugleg hún er, ekki síst við þær erfiðu torfærur sem glímt var við í þessari ferð sem spannaði rétt um 700 km á þremur dögum. Við malbiksakstur má svo velja um 5 mismunandi akstursstillingar, Eco, Comfort, Normal, Sport S og Sport+, allt eftir því hvort ökumaður leitar eftir lágri eyðslu, þægindum eða hámarksgetu drifrásarinnar. Einna magnaðast við akstur bílsins með „crawl“-takkann á var að geta með einum snúningstakka valið um 5 mismunandi hraða.

### Allt kemst Land Cruiser

Í þessum reynsluakstri sannaðist hve þessi bíll er hæfur í erfiðum aðstæðum og aldrei mætti hann erfiðleikum sem hann réði ekki við, líkt og átti reyndar við minni bróður hans, Hilux, sem reyndur var einnig af greinarritara í Namibíu fyrir um einu og hálfu ári. Farið





**Land Cruiserinn tekinn til kostanna í sandinum sem oftast var undirlagið í þessari ferð.** MYND/PÁLL ÞORSTEINSSON

**» Í þessum reynsluakstri sannaðist hve þessi bíll er hæfur í erfiðum aðstæðum og aldrei mætti hann erfiðleikum sem hann réð ekki við.**

var yfir endalaust marga kílómetra af lausum sandi, bæði í fjörum, inn til landsins og í gríðarlega fallegu og ótrúlega löngu gili sem fyllt var af ljósum sandi. Hann fékk einnig að glíma við bratt klifur þar sem á stundum var efast um að bíll almennt kæmist upp, en aldrei hikaði Land Cruiserinn og oft hafði ökumaður litla sýn á torfærurnar og sýnin helst upp í bláan himininn í öllum brattanum. En upp fór hann alltaf eins og eigendur Land Cruiser þekkja líklega best. Það að bíllinn sé ennþá byggður á grind gerir það að verkum að lætin sem eiga sér stað í undirvagni bílsins skila sér ekki til óþæginda í yfirbyggingu hans og því verður erfiður akstur eitthvað svo fyrirhafnarlaus og best að láta bílinn bara um þetta sjálfan með öllum sínum frábæru aksturs- og drifstillingum. Ef Land Cruiser hefur verið Íslandsjeppinn fram að þessu hefur hann enn tryggt stöðu sína sem slíkur, ekki síst á tímum þar sem bílum byggðum á grind fer fækkandi. Hann mun áfram sigra íslenskar torfærur af mikilli list.



peugeotisland.is

# BÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI 2018

Bandalag íslenskra bílablaðamanna valdi Peugeot 3008 sem Bíl ársins 2018 á Íslandi úr hópi 30 bíla. Þetta er mikil viðurkenning á gæðum Peugeot sem hafa heillað heimsbyggðina, ekki síst í ljósi þess að fyrr á árinu var Peugeot 3008 valinn Bíll ársins í Evrópu. Auk þessa hlotnaðist Pure Tech bensínvél bílsins sá heiður að vera valin Vél ársins þriðja árið í röð.

MOTION & EMOTION




KOMDU OG KEYRÐU BÍL ÁRSINS PEUGEOT 3008

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA BÍLL ÁRSINS 2018

CAR OF THE YEAR

INTERNATIONAL engine of the year awards 2017

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR
## HYUNDAI KONA

- 1,0 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 120 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 5,2 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 117 g/km CO2
**Hröðun:** 12,0 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 181 km/klst.
**Verð frá:** 3.590.000 kr.
**Umboð:** BL Kauptúni

- Vel búinn
- Lagleg innrétting
- Öflug stærri vélin

- Hörð fjöðrun
- Umdeilt útlit

# Frískleg Kona mætt á göturnar

Hyundai Kona er þegar mætt til BL og þar fer enn einn djarflega teiknaður lítill jepplingur. Hann má fá með mjög öflugri 177 hestafla bensínvél sem hendir honum í 100 á litlum 7,9 sekúndum.

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is






Á fram streyma þeir í röðum litlu nýju jepplingarnir frá hverjum bílaframleiðandanum á fætur öðrum og enginn má missa af þeirri lest, enda eftirspurnin eftir þeim mikil nú um stundir og spáð að hún muni enn vaxa. Hyundai hafði fyrir tilkomu þessa netta jepplings með kvenlega nafnið ekki teflt fram bíl í Compact Crossover-flokki en Kona fellur í þann flokk bíla, sem einnig hefur verið nefndur B-SUV flokkur. Það sætir reyndar furðu hvað svo framsækinn bílaframleiðandi sem Hyndai er skuli svo seint mæta til leiks með slíkan bíl, en fyrir eru talsvert stærri Tucson og Santa Fe, sem báðir eru mjög vel heppnaðir bílar en falla í flokka stærri jepplinga/jeppa. Hyundai hefur frá 2001 selt 1,4 milljónir Santa Fe í Evrópu og frá tilkomu Tucson árið 2015 hafa selst 250.000 slíkir í álfunni og selst hann nú hraðar en Santa Fe. Þegar bílaframleiðandi mætir einmitt seint til leiks í einhverjum flokki vill hann gera það með trukki og þar valdi Hyundai að vera djarft í hönnun Kona-jepplingsins. Þar sýnist sitt hverjum, eins og ávallt er kemur að útliti, en Hyundai hefur bæði verið hrósað og skammað fyrir ytra útlit bílsins. Eitt sem þó örugglega er hægt að hrósa Hyundai fyrir hvað útlit bílsins varðar er tvíliturinn sem í boði er. Hægt er að velja á milli 10 aðallita og þriggja þaklita og því eru margar skemmtilegar útfærslur í boði.

### Flott innra útlit og vel búinn

Að innan eru skoðanir minna skiptar, þar er hann hinn allra laglegasti og djarflega frísklegur. Fyrst er kannski að nefna 5,7 eða 8 tommu aðgerðaskjá, allt eftir misdýrum útfærslum innréttingarinnar, sem allir prýða þó mælaborðið. Öðruvísi litir saumar og líningar á sætum og víðar í innréttingunni setja sportlegan stíl á bílinn og er með dýrara útlit en verðmiðinn segir til um. Efnisval í mælaborði og innréttingu er með besta móti og gefur þó nokkra lúxustilfinningu. Ferlega frísklegt var að sjá að sætisbeltin eru í sama lit og ytri litur bílsins, óvenjulegt og töff en gæti þó komið illa út í gulu. Framsætin eru mjög góð og prýðilega fer um aftursætisfarþega en stærri einstaklingar gætu þó glímt við fótaplássið. Skottrýmið er álíka stórt og í samkeppnisbílum Kona, eða 361 lítri. Óvanalegt var að sjá að í betur útbúnu gerðum Kona var „head-up-display“ sem varpar helstu upplýsingum upp á framrúðuna, eitthvað sem maður er ekki vanur að sjá í þessum flokki bíla. Útsýni úr bílnum er gott og maður situr hátt, sem er nú einmitt meginástæðan fyrir því hve margir kaupa nú jepplinga og innstigið í réttri hæð. Bíllinn er mjög hljóðlátur, kostur sem oft er vanmetinn meðal ökumanna.

» **Með stærri vélinni er Kona ári frískur bíll og hendist í hundraðið á svo litlu sem 7,9 sekúndum.**

### Þrælöflug 177 hestafla vél

Vélarkostirnir í Kona eru ekki margir, 1,0 lítra og þriggja strokka 120 hestafla bensínvél og 1,6 lítra og fjögurra strokka og 177 hestafla afar frísk bensínvél. Dísilútgáfa bílsins, með 1,6 l og 115 hestafla vél, kemur síðan í sumar og örfáum mánuðum seinna mun Hyundai koma með rafmagnsútfærslu bílsins. Með minni vélinni er bíllinn með 6 gíra beinskiptingu en sú stærri er tengd við 7 gíra „dual-clutch“ sjálfskiptingu og þá er bíllinn líka fjórhjóladrifinn. Eyðslan með 1,0 lítra vélinni er 5,2 l en 6,7 l með þeirri stærri og mengunin 117 og 153 CO2. Með 177 hestafla vélinni er Kona ári frískur bíll og hendist í hundraðið á svo litlu sem 7,9 sekúndum, sem stendur sumum minni sportbílum lítt að baki. Með þeirri minni er hann öllu latari og tíminn 12,0 sekúndur, en samt er akstur hans furðu góður. Í raun er akstur Kona skemmtilega sportlegur, fjöðrunin frekar stutt og snögg, en fyrir vikið er hann stundum nokkuð harður ef undirlagið er hrjúft. Örlítið vantar á tilfinninguna fyrir stýringu bílsins. Kona kemur á 16, 17 eða 18 tommu álfelgum og satt best að segja er líklega best að velja minnstu gerðina akstursеiginleikanna vegna, en þar sem fjöðrunin er fremur stíf mýkist hún með meiri barða og minna áli. Það kemur þó niður á útlitinu. Vel finnst fyrir því að með stærri vélinni er bíllinn með betur útfærðri fjöðrun, sérstaklega að aftan, og fyrir vikið betri akstursbíll. Fyrir það þarf þó að borga meira.




Fá má Kona með afar frískri 177 hestafla vél, sem og litlili 1,0 lítra 120 hestafla vél.






KONA
BY HYUNDAI

**Hyundai KONA** er nýstárlegur sportjeppi sem er fáanlegur annaðhvort fjórhjóladrifinn eða framhjóladrifinn með sjálfskiptingu eða beinskiptingu. KONA er einstaklega vel útbúinn og með tæknilegar nýjungar á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™ sem gera ökumanni kleift að spegla upplýsingar úr síma á litaskjá í mælaborði.
Verið velkomin í kaffibolla og reynsluakstur.

**Hyundai KONA Comfort. Verð frá 3.590.000 kr.**

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

ENNEMM / SÍA / NM86228

# FCA bílar sópa að sér verðlaunum

Hið virta tímarit í Bretlandi 4x4 Magazine kunngerði nýlega sín árlegu 4x4 verðlaun fyrir árið 2018. Alls voru veitt verðlaun í níu flokkum og tóku bílar undir merkjum Fiat Chrysler Automobiles fern þeirra. Jeep var valinn 4x4 framleiðandi ársins, Jeep Wrangler fékk utanvegaverðlaun ársins, Jeep Renegade var valinn bestur í flokki minni jeppa og Fiat Panda Cross hlaut svo nafnbótina sem besti „Crossover“ 2018. Það er hópur sérfræðinga frá breska tímaritinu 4x4 Magazine sem þykir eitt hið virtasta í bílaheiminum, sem taka fyrir, meta og prófa fjórhjóladrifna bíla frá öllum helstu bílaframleiðendum heimsins. Bílarnir eru metnir með tilliti til hefðbundinna aksturseiginleika og svo eru þeir prófaðir við erfið utanvegaakstursskilyrði þar sem reynt er á eiginleika þeirra sem fjórhjóladrifsbíla.





# BMW ætlar að ná Mercedes Benz árið 2020

Það svíður greinilega sárt í höfuðstöðvum BMW að sjá Mercedes Benz selja fleiri bíla en BMW annað árið í röð í fyrra og segja forsvarsmenn BMW að fyrirtækið ætli að selja fleiri bíla en Benz strax árið 2020. Það ætlar BMW að gera með kynningu á mörgum nýjum bílgerðum sem muni draga viðskiptavini aftur frá helstu keppinautum BMW. BMW var söluhæsti lúxusbílasali heimsins 10 ár í röð en árið 2016 komst Mercedes Benz upp fyrir BMW í fjölda seldra bíla á árinu og endurtók leikinn með enn meiri mun í fyrra. Í fyrra náði BMW 4,4% vexti í sölu á milli ára, en Benz 9,9% söluaukningu. Sala BMW var 2,09 milljónir bíla en Benz 2,29. Það var helst gríðarleg aukning í sölu Benz-bíla í Kína sem jók heildarsöluna svo mikið.

» BMW var söluhæsti lúxusbílasali heimsins 10 ár í röð en árið 2016 komst Mercedes Benz upp fyrir BMW í fjölda seldra bíla á árinu og endurtók leikinn með enn meiri mun í fyrra.



# Nýr VW Golf í júní 2019

Volkswagen mun fjárfesta fyrir „litla“ 130 milljarða króna við þróun áttundu kynslóðar þekktustu bílgerðar sinnar, Golf. Fjöldaframleiðsla bílsins mun síðan hefjast í júní á næsta ári. Sala Golf hefur gengið afar vel allt frá komu fyrstu árgerðar hans árið 1974 og hafa síðan selst yfir 35 milljónir eintaka af honum. Golf er nú seldur í 108 löndum og er því sannkallaður heimsbíll. Framleiðsla Golf fer fram í mörgum löndum, en í stærstu verksmiðju Volkswagen í höfuðstöðvunum í Wolfsburg eru framleiddir um 2.000 Golf-bílar á dag. Ekki er búist við stórvægilegum ytri útlitsbreytingum á Golf og færi Volkswagen þar troðnar slóðir með vinningsformúlu sinni: If it ain't broke, don't fix it!





Gæðakerrur fyrir öll tækifæri
- mikið úrval aukahluta

Frá 139.000,- m/vsk

Garð- og tómstundakerrur
Kerrur með frábæra aksturseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.



Frá 389.000,- m/vsk



Sterkar iðnaðarkerrur
Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn


Innbyggð geymsluhólf


Innfelldar krækjur


Fjöldi botnstífa


Aðeins 12° halli

Tækjakerrur
- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur
Burðargeta allt að 2.835 kg.

Frá 1.279.000,- m/vsk



Söluaðilar

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500

# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**kolli@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
OPEL Astra Turbo. Árgerð 2016, ekinn 15 Þ.KM, bensín, Sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.690.000. Rnr.163033.



**100% LÁN**
FORD Focus Edition. Árgerð 2016, ekinn 27 Þ.KM, Sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.159915.



**100% LÁN**
FORD Focus Titanium, DÍSEL, Sjálfskiptur. Árgerð 2012, ekinn 83 Þ.KM. Verð 1.890.000. Rnr.159956.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Hópferðabílar



**RÚTUR TIL SÖLU**
Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Faglærðir Málarar Tökum að okkur öll almenn málningastörf. Tilboð eða tímavinna. Sími 6962748 loggildurmalari@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**HÚSASMÍÐI:**
getum bætt við okkur verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald.

Uppl. í s. 858 3300

**TRÉSMÍÐUR**
Þarft þú að gera endurbætur á eigninni þinni, fáðu tilboð í það sem þú þarft að framkvæma.

Tek að mér alla almenna trésmíðavinnu jafnt innan sem utan dyra. Til dæmis uppsettning innréttinga, milliveggja, hurða, parketlögn, gler skipti, þakjárn, utanhúsklæðningu, sólpalla og margt fl.

Uppl. í s: 8931901

Svanur Tómasson Húsasmíður

Húsasmiður getur bætt við sig verkefnum. Alhliða viðhald og smíði. Sími: 861-2434

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Keypt & Selt

### Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

**VILTU KAUPA PENINGA ?**
Til sölu 18-19kg af flokkaðri lýðveldismynt 1944-80 í góðu ástandi. Uppl. í s. 895 4064

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum
lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is



Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Tilboð

Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir *á aðeins 5.500.-*

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart


## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Nýleg 2ja herb. íbúð til leigu í Mosfellsbæ rétt hjá Lágafellslaug, frábær staðsetning. Uppl. í s: 6605312

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

Heimaás

**NEMI Í HÚSASMÍÐI**
Heimaás óskar eftir að ráða nema á samning í húsasmíði.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**
**Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444









HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

GLÆSILEG SÉRHÆÐ
Á EFTIRSÓTTUM STAÐ!






OPIÐ HÚS!
Í dag milli kl.17:30
og 18:15

**Stóragerði 17, 108 Reykjavík.**
Um er að ræða efri sérhæð ásamt bílskúr. Íbúðin er smekklega innréttuð, þrjú rúmgóð svefnherbergi, arinn og hátt til lofts. Sérinngangur. Sjón er sögu ríkari.
**Ásett verð aðeins kr. 63,9 millj.**

**Allar nánari uppl. veitir Jóhann Friðgeir,**
**s: 896-3038 eða á johann@hofdi.is**

Runólfur Gunnlaugsson viðsk.fr. lögg.fast. • Ásmundur Skeggjason lögg.fast.







Skipulagsstofnun

## Nýjar skíðalyftur á skíðasvæði Tindastóls

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Nýjar skíðalyftur á skíðasvæði Tindastóls, Sveitarfélaginu Skagafirði**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **6. mars 2018.**


LIND FASTEIGNASALA / 510 7900 — Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

OPIÐ HÚS › 6. feb 17:00 – 18:00



**Háalind 4**
201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 207,2 fm
FJÖLDI HERBERGJA: 6

**Parhús á tveimur hæðum á eftirsóttum stað að Háulind 4. Fjögur svefnherbergi, tvær stofur og gestasnyrting. Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. Seljendur skoða skipti á minni eign í hverfinu.**

**84.900.000 kr**



*Heyrumst*
**Stefán Jarl Martin**
Löggiltur leigumiðlari
Sölufulltrúi
› 892 9966
› stefan@fastlind.is



*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› 510 7900
› hannes@fastlind.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta


## Vinnslutillaga að breytingum á Aðalskipulagi Sagafjarðar 2009-2021
## Breytingar A-F
## Blöndulína, Sauðárkrókslína, virkjanakostir, urðunarsvæði, tengivirki og efnistökusvæði

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti þann 23. janúar 2018 að kynna drög að breytingum á Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021.

Í vinnslutillögu felst (A) kynning á valkostum fyrir legu Blöndulínu 3 (raflína), (B) færsla á legu Sauðárkrókslínu, (C) áframhaldandi frestun á skipulagi fyrir virkjanakosti í Skagafirði, (D) urðunarsvæði við Brimnes er fellt út, (E) nýtt tengivirki og lega jarðstrengs á Sauðárkróki og (F) ný efnistökusvæði vegna framkvæmda.

Í vinnslutillögu er gerð grein fyrir forsendum breytinga, útfærslu og umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 105/2006. Skipulagsgögnin verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins skagafjordur.is og á bæjarskrifstofum, Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkróki. Athugasemdafrestur við vinnslutillöguna er til og með 9. mars 2018. Ábendingum og athugasemdum við drögin má koma á framfæri til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið jobygg@skagafjordur.is.

Haldinn verður opinn kynningarfundur um vinnslutillöguna og verður hann auglýstur síðar.

**Vinnslutillaga að deiliskipulagi tengivirkis í Varmahlíð**

Í vinnslutillögunni felst afmörkun lóðarmarka og afmörkun byggingarreits. Samkvæmt vinnslutillögu er heimilt að byggja nýtt tengivirki innan byggingarreits ásamt möstrum og girðingu.

Vinnslutillagan verður aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins skagafjordur.is og á bæjarskrifstofum, Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkróki. Athugasemda- frestur við vinnslutillöguna er til og með 23. febrúar 2018. Skipulagsfulltrúi verður til svars um tillögurnar 8. febrúar kl. 15-16 á bæjarskrifstofum. Ábendingum og athugasemdum við drögin má koma á framfæri til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið jobygg@skagafjordur.is.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi Skagafjarðar**


**SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN**

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**



Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Heldur hægari vestlæg átt og minnkandi él í dag og kalt í veðri, en næsta lægð nálgast okkur úr suðvestri með vaxandi sunnanátt og hlýnandi veðri um kvöldið.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -3° | -3° |
| 11 | 13 | 9 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | -3° | -7° |
| 11 | 5 | 10 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -2° | -7° | -7° |
| 11 | 14 | 8 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -7° | -5° | -9° |
| 8 | 12 | 10 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 7 | 9 | 8 | | | 2 | 6 |
| 6 | | 9 | 5 | | | | 4 | |
| 8 | | 2 | 7 | 6 | | 5 | | |
| | | | | | 9 | | 3 | 8 |
| 2 | 6 | | | | 1 | | 7 | 4 |
| 3 | | 4 | | | 6 | | | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | | | 5 | 7 | 6 | |
| | 5 | | 2 | | | 3 | 1 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | | 9 | | 4 | | | |
| 3 | | | 2 | | 6 | 8 | | 4 |
| | | 9 | | | | | 5 | |
| 8 | 9 | 3 | | 6 | | | | |
| | 4 | | | | 5 | | | |
| | | | 4 | 2 | | | 6 | |
| | | | | | 1 | | | 6 |
| 1 | 5 | | 3 | | | | | |
| | 3 | | | 8 | 9 | 5 | 7 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 8 | | 2 | |
| 1 | | | | | | | 6 | |
| | | | 1 | | | | | 7 |
| 7 | | | 4 | 6 | | | 9 | 3 |
| 8 | | | | | | | | |
| | 6 | | | 9 | | | | 2 |
| | 1 | 8 | 3 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | | | 5 | |
| | | 3 | | | 1 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 9 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 |
| 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 5 |
| 4 | 9 | 8 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 7 |
| 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 7 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 4 | 3 | 9 | 5 | 8 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 2 | 1 | 9 | 5 | 4 | 3 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 | 7 | 9 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 |
| 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 7 | 6 | 4 |
| 4 | 1 | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 5 |
| 5 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 1 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 2 | 3 |
| 3 | 7 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 8 |
| 8 | 3 | 1 | 2 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 |
| 1 | 4 | 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 5 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 7 | 5 | 1 | 3 | 9 | 4 |
| 7 | 9 | 5 | 4 | 8 | 3 | 1 | 6 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. baktería
5. óhreinka
6. í röð
8. spauga
10. tveir eins
11. gæfa
12. hviða
13. þjálfun
15. planta
17. blístur

**LÓÐRÉTT**
1. mótrök
2. lofttegund 3. fljótfærni
4. frárennsli
7. glettast
9. jurt
12. galdrar
14. útdeildi
16. tveir eins



**LAUSN**: LÁRÉTT: 1. gerla, 5. ata, 6. fg, 8. gaspra, 10. nn, 11. lán, 12. kast, 13. ögun, 15. kaktus, 17. flaut **LÓÐRÉTT**: 1. gagnrök, 2. etan, 3. ras, 4. afrás, 7. gantast, 9. planta, 12. kukl, 14. gaf, 16. nu

## Skák Gunnar Björnsson

Jóhann Ingvason (2.161) átti leik gegn Eiríki Björnssyni (1.934) á Skákþingi Reykjavíkur í fyrradag.

**Hvítur á leik**

**28. Hxf7+! Kxf7 29. Dxg4 Rf6 30. Hf3 Kg7 31. Dg5 Hhf8 32. Hxf6! Hxc3 33. Rh5+ Kg8 34. Hxf8+ 1-0.** Gríðarleg spenna er fyrir lokaumferðina sem fram fer á morgun. Fjórir keppendur hafa möguleika á sigri á mótinu.

**www.skak.is:** Vesturbæjar-biskupinn











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Coca-Cola BÍÓ
á þriðjudögum í Laugarásbíó
750 kr. á allar myndir
FRÍ ÁFYLLING Á GOSI Í HLÉI
LAUGARÁS BÍÓ
MOLLY'S GAME – SÝND KL. 7.50, 10.30
LÓI – SÝND KL. 5.30
MAZE RUNNER DEATH CURE – SÝND KL. 9
PADDINGTON 2 – SÝND KL. 5.30
THE COMMUTER – SÝND KL. 8
MONEY WORLD – SÝND KL. 10.15
JUMANJI – SÝND KL. 5.30

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
Hörkuspennandi spennuhrollvekja um eitt mesta draugahús Bandaríkjanna – WINCHESTER – Byggð á sannri sögu
DARKEST HOUR – 6 ÓSKARSTILNEFNINGAR Þ.Á.M. BESTA MYNDIN, BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI
Meryl Streep og Tom Hanks í nýrri stórmynd frá Steven Spielberg – The Post – 2 ÓSKARSTILNEFNINGAR BESTA MYNDIN BESTA LEIKKONAN -MERYL STREEP
ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM með íslensku tali
DEN OF THIEVES
MAZE RUNNER DEATH CURE
STAR WARS
PEPSIBÍÓ - 50% AF MIÐANUM

ÁLFABAKKA
| | | |
|---|---|---|
| WINCHESTER | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| WINCHESTER VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | VIP |
| DEN OF THIEVES | KL. 5:40 - 8:30 - 10:30 | 16 |
| THE POST | KL. 8 | 6 |
| ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |
| DOWNSIZING | KL. 10:30 | 12 |
| FATHER FIGURES | KL. 8 | 12 |
| STAR WARS 2D | KL. 5:20 - 8:30 | 12 |
| WONDER | KL. 5:40 | 6 |

EGILSHÖLL
| | | |
|---|---|---|
| WINCHESTER | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DARKEST HOUR | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 9 |
| MAZE RUNNER | KL. 7:50 - 10:40 | 16 |
| THE POST | KL. 8 - 10:30 | 6 |
| STAR WARS 2D | KL. 5 | 12 |
| THE GREATEST SHOWMAN | KL. 5:30 | 12 |

KRINGLUNNI – NÚMERUÐ SÆTI
| | | |
|---|---|---|
| DARKEST HOUR | KL. 5 - 7:40 - 10:20 | 9 |
| DEN OF THIEVES | KL. 7:30 - 10:20 | 16 |
| THE POST | KL. 5 - 6:30 - 9 | 6 |

KEFLAVÍK
| | | |
|---|---|---|
| WINCHESTER | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| MOLLY'S GAME | KL. 7:40 | 12 |
| LÓI | KL. 5:40 | L |
| MAZE RUNNER | KL. 10:10 | 16 |
| PADDINGTON 2 ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |

AKUREYRI
| | | |
|---|---|---|
| WINCHESTER | KL. 8 - 10:35 | 16 |
| DARKEST HOUR | KL. 8 | 9 |
| DEN OF THIEVES | KL. 10:10 | 16 |
| THE POST | KL. 5:30 | 6 |
| ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |

# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 6. FEBRÚAR 2018

### Tónlist

**Hvað?** Kvartett Jóels Pálssonar á Kexi
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Hljómsveitina skipa, auk Jóels, þeir Eyþór Gunnarsson á píanó, Valdimar K. Sigurjónsson á kontrabassa og Matthías Hemstock á trommur. Að þessu sinni leitar kvartettinn í smiðju Johns Coltrane og Thelonius Monk og flytur verk þeirra með sínu nefi.

**Hvað?** Rúnni Júll – Söngvaskáld á Suðurnesjum
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Hljómahöllin, Reykjanesbæ
Hr. Rokk verður í aðalhlutverki á fyrstu tónleikum tónleikaraðarinnar Söngvaskáld á Suðurnesjum sem áfram er haldið í Hljómahöll, þriðja árið í röð. Flytjendur eru Dagný Gísladóttir, Arnór B. Vilbergsson og Elmar Þór Hauksson.

### Viðburðir

**Hvað?** Brothætt frá upphafi. Byggðarsaga Borðeyrar við Hrútafjörð
**Hvenær?** 12.05
**Hvar?** Þjóðminjasafni Íslands
Í dag flytur Vilhelm Vilhelmsson erindið „Brothætt frá upphafi. Byggðarsaga Borðeyrar við Hrútafjörð“. Fyrirlesturinn hefst kl. 12.05 og fer fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Þetta er annað erindi þessa vormisseris í röð fyrirlestra sem Sagnfræðingafélag Íslands skipuleggur í samvinnu við Þjóðminjasafnið.

**Hvað?** Þriðjudagsfyrirlestur – Andy Paul Hill, lektor í lögreglufræði
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Ketilhúsð, Listasafninu á Akureyri
Í dag heldur Andy Paul Hill, lektor í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri, Þriðjudagsfyrirlestur í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi undir yfirskriftinni Adult Dyslexia: An Examination of the Myths and Reality of Living in the Digital Age. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Áhrif #metoo á vinnumarkaðinn



Rúnar Júlíusson, Rúnni Júll, verður í aðalhlutverki á fyrstu tónleikum tónleikaraðarinnar Söngvaskáld á Suðurnesjum í kvöld. MYND/VÖLUNDUR

**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
ASÍ-UNG efna til pallborðsumræðu um áhrif #metoo-byltingarinnar innan vinnumarkaðarins og aðgerðir stéttarfélaga í þeim málum kl. 20.00 í Stúdentakjallaranum.

**Hvað?** 100 ára samkennd
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs
Íslenskar raunsæisbækur fyrir börn endurspegla samfélagið sem þær eru sprottnar úr. Pólitísk deilumál og hagsveiflur móta efnistökin, rétt eins og tíðarandinn. Þannig hafa ungir lesendur fengið að kynnast óðaverðbólgu og efnahagshruni, genafikti og kvótabraski, svo fátt eitt sé nefnt. En hvernig eru svona vandamál matreidd fyrir börn? Hvað einkennir hina íslensku samfélagslegu barnabók – og nær hún að halda í við sífellt hraðari samfélagsbreytingar?

**Hvað?** Bókmenntakvöld - Stefán Máni, Skuggarnir
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Verið velkomin á Bókmenntakvöld kl. 19.30. Gestur að þessu sinni er rithöfundurinn Stefán Máni Sigþórsson og mun hann fjalla um og lesa upp úr nýjustu bók sinni Skuggarnir.

### Sýningar

**Hvað?** Fagra veröld
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Mokka kaffi
Á sýningunni Fagra veröld er viðfangsefni Kristjáns Jóns íslenska náttúran. Þetta eru léttar vatnslitamyndir af því sama sem Jónas orti um í hulduljóðum sínum, blómum og gróðri. Kristján Jón gekk í Handíða- og myndlistaskólann 1961 til 1964 og Statens Håndverks og kunstindustriskole 1965 til 1967. Sýningin er sölusýning, þeir sem hafa áhuga á að eignast verk geta fengið upplýsingar hjá starfsfólki Mokka eða haft samband við Kristján Jón.

**Hvað?** Kann frekar vel við þig en samt ekki – Kristín Dóra
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Hitt húsið
Áhrif popptónlistar á mannshugann eru eins og áhrif hita á eitt stakt poppkorn, það stækkar, fær nýjan tilgang og verður aldrei eins. Á sýningunni skoðar Kristín Dóra sannleikann og hreinskilnina í poppinu. Lagið Hlið við hlið með Friðriki Dór var Kristínu mikill innblástur og er titill sýningarinnar fenginn úr því.

**Hvað?** Myrkraverk
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Á sýningunni eru verk listamanna sem hafa fengið innblástur úr þjóðsögum og ævintýrum eða skapað sinn eigin huliðsheim. Hvort tveggja endurspeglar mannlega tilvist, samskipti, tilfinningar og hugarástand. Sýningin er uppfull af dularfullum og spennandi verkum sem kveikja á ímyndunaraflinu einmitt á myrkasta tíma ársins.

Góða skemmtun í bíó

Varmadælur & loftkæling
Kælitækni
Midea It's your Idea
• Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
• Fyrir norðlægar slóðir
• Fjarstýring fylgir
Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.
Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is
Hópþjálfun Gigtarfélagsins
Stólajóga hefst í dag 16:30 að Ármúla 5
Hægt er að þjálfa og njóta alls þess sem jóga gefur á traustum stól.
Einnig getum við bætt við fólki í sundleikfimi félagsins, létta leikfimi kl. 13.30 fyrir 60+ og Leikfimi 1 fyrir 50+ kl. 17.10 á mán- og miðvikudögum.
Allar upplýsingar á www.gigt.is
Allir velkomnir.
Skráning í síma 530 3600
Gigtarfélagið

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími: 696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Þýskir dagar: Wild Mouse ENG SUB ........ 18:00
Þýskir dagar: In Times Of Fading Light ENG SUB ........ 18:00
Óþekkti hermaðurinn ........ 17:30, 20:00
Þýskir dagar: In The Fade ENG SUB ........ 20:00
I, Tonya ........ 20:00
Call Me By Your Name ........ 22:15
Three Billboards Outside Ebbing Missouri ........ 22:45
Svanurinn ENG SUB ........ 22:15
ÓÞEKKTI HERMAÐURINN
WILD MOUSE

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Gleymir ekki bláa litnum

**Þegar Guðrún Benedikta Elíasdóttir var fjórtán ára sökk hún í jökulsprungu á jóladag. Jökullinn sleppti henni þó og nú málar hún hann með heimagerðum litum og blandar þá með eldfjallaösku.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Margbreytileiki skriðjöklanna birtist glöggt á myndlistarsýningu Guðrúnar Benediktu Elíasdóttur sem stendur yfir í Spönginni í Grafarvogi.

Litablönduna sem hún notar kallar hún „patine au vin“. „Ég bý til litina mína sjálf eins og Rembrandt gerði, úr víni, eggjum og mjólk,“ segir hún og rekur uppskriftina til bókar sem hún keypti í Suður-Frakklandi þar sem hún bjó um tíma. „Ég ákvað að prófa að vinna með þetta efni og hef ekki tímt að hætta því síðan, því það hentar mér fullkomlega.“

Eftir Frakklandsdvölina flutti Guðrún til Lúxemborgar um tíma, þar segir hún aðferðina enn frekar hafa fest sig í sessi enda hvítvínið ódýrt þar. „Efniviðurinn varð auðvitað svolítið dýrari eftir að ég flutti heim, en ég nota bara dreggjarnar úr flöskunum,“ segir í hún í gríni.

Áður kveðst hún hafa notað akrýlliti en henni finnist þeir daufir eftir að hún fór að vinna með heimagerðu litina. „Sumt litarefnið er duft sem ég kaupi erlendis, því erfitt er að fá það hér heima, svo fer ég í fjallgöngur og finn fallega liti í grjótinu myl það niður og blanda út í. Svo nota ég líka ösku, allir svartir litir í verkunum mínum eru eldfjallaaska, það er mikið bindiefni í henni svo hún hentar vel. Ég náði mér í fulla fötu af ösku í Eyjafjallajökulsgosinu og hef notað hana síðan.“



Mikilfengleg náttúran er Guðrúnu Benediktu bæði uppspretta og efniviður listaverka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það er því bæði ís og eldur sem koma við sögu myndanna sem til sýnis eru í Spönginni en jöklum kveðst Guðrún hafa kynnst með eftirminnilegum hætti í uppvextinum.

„Ég ólst upp á Hornafirði. Held að pabbi hafi átt fyrsta breytta jeppann á Íslandi og við vorum upp um fjöll og firnindi á honum. Þegar ég var 14 ára festist ég í jökulsprungu, ásamt mömmu. Þetta var á jóladag og fjölskyldan skrapp út að Fláajökli, enn eina ferðina. Pabbi og Lárus bróðir vildu fara í íshelli en ég nennti ekki með þeim og við mamma fórum aftur í átt að bílnum. Skammt frá jökuljaðrinum sá ég þennan ævintýralega bláa lit sem er inni í jökulsprungum og ég dró mömmu með mér yfir svell og inn í sprungu. Þegar við vorum komnar inn í hana miðja sprakk allt undir fótum okkar og við sukkum niður í ískalt vatn en vorum svo heppnar að vera báðar með skinnlúffur sem frusu fastar við ísvegginn og náðum að halda okkur uppi þannig. Pabbi fékk eitthvert hugboð, æddi ofan af jöklinum og heyrði þá köllin. Ég er bara þakklát fyrir líftóruna en gleymi ekki þessum bláa lit jökulsins sem heillaði mig til sín.“



Blámi jökulsprungnanna birtist glöggt á þessari mynd.

**ÉG ER BARA ÞAKKLÁT FYRIR LÍFTÓRUNA EN GLEYMI EKKI ÞESSUM BLÁA LIT JÖKULSINS SEM HEILLAÐI MIG TIL SÍN.**

Guðrún hefur víða haldið sýningar á síðustu árum, meðal annars í Frakklandi, Lúxemborg, Þýskalandi, Belgíu, Englandi, Noregi og Bandaríkjunum. Líka á Ísafirði, Akureyri, Höfn og í Reykjavík. Nú kennir hún myndlist við Menntaskólann við Sund. Þar segir hún mikinn metnað lagðan í listagreinar. „Það fær enginn að útskrifast nema hafa lokið einum áfanga í skapandi greinum og áhuginn er líka mikill,“ segir hún.

Sýning Guðrúnar Benediktu í Spönginni stendur til 15. febrúar.



Bros auglýsingavörur **með þínu merki**
Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**
Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.
BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR
– með þínu merki

SÍÐUSTU
KOMDU NÚNA!
DAGAR
ÚTSÖLUNNAR
20-60% AFSLÁTTUR
rekkjan
HEILSURÚM
ARGH!!! 040118#2

# Rauði þráðurinn er ástin

**Ahhh ... er yfirskrift kabarettsýningar RaTaTam í Tjarnarbíói á föstudaginn sem byggir á ljóðum og prósa Elísabetar Jökulsdóttur. Charlotte Böving leikstýrir.**



„Ástin er svo flókið fyrirbæri,“ segir Charlotte. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rauði þráðurinn er ástin,“ segir Charlotte Böving um efni kabarettsins Ahhh ... sem frumsýndur verður 9. febrúar í Tjarnarbíói. Þar mun leikhópurinn RaTaTam syngja, dansa og leika sér með texta Elísabetar Jökulsdóttur að vopni. „Elísabet hefur skrifað mikið um tíðina og við fókuserum á ljóðaheim hennar og örsögur. Hún skrifar mikið um ástina og holuna innra með okkur sem við reynum að fylla með ást og tengingum við aðra manneskju,“ lýsir Charlotte.

Charlotte og leikhópurinn sem í eru þau Albert Halldórsson, Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Halldóra Rut Baldursdóttir og Laufey Elíasdóttir, hafa samið lög undir öruggri stjórn Helga Svavars Helgasonar. Leikararnir spila líka undir á hin ýmsu hljóðfæri að sögn Charlotte. „Sumir hafa þurft að endurvekja tónlistarkunnáttuna sem þeir bjuggu yfir sem krakkar,“ segir hún hlæjandi. „Við erum búin að leika okkur mikið og ég vona að það skili sér til áhorfenda. Það er stutt í húmorinn í verkum Elísabetar, þar er leikur og við tengjum hennar heim við okkar leikhúss- og kabarettheim. Samt er alltaf dýpt í ljóðum hennar líka, eins og vera ber þegar ástin er til umfjöllunar. Ástin er svo flókið fyrirbæri.“

**gun@frettabladid.is**

**VIÐ ERUM BÚIN AÐ LEIKA OKKUR MIKIÐ OG ÉG VONA AÐ ÞAÐ SKILI SÉR TIL ÁHORFENDA.**

# Vélbyssuskothríð í Hörpu

**TÓNLIST**

**Píanótónleikar**

★★☆☆☆

**Paul Lewis flutti verk eftir Haydn, Beethoven og Brahms.**

**Norðurljós í Hörpu**

sunnudaginn 4. febrúar



**„Það var einhver hrífandi einlægni í flutningnum sem gerði tónlistina sanna,“ segir í dómnum um leik Paul Lewis.** NORDICPHOTO/GETTY

Beethoven var skapstór maður og ekki sá þægilegasti í umgengni. Í takt við það er tónlist hans full af andstæðum. Mikið er um þungar, snöggar áherslur í innhverfari hlutum verkanna, og ofsafengnir kaflar inni á milli. Skáldskapurinn er þó ávallt djúpur, ekki síst í síðari tónsmíðum hans. Til þeirra heyra sex bagatellur (smáverk) op. 126. Þær voru á dagskránni á einleikstónleikum Paul Lewis í Norðurljósum í Hörpu á sunnudaginn. Beethoven hugsaði sér að verkin sex mynduðu heild og væru leikin þannig. Lewis gerði þetta með því að hafa pásuna á milli bagatellanna mjög stutta. Ein flæddi sjálfkrafa yfir í þá næstu.

Túlkun Lewis var sannfærandi sem slík. Hún var svipmikil og stórbrotin, laglínur voru fallega mótaðar og andstæður málaðar skýrum dráttum. Það var einhver hrífandi einlægni í flutningnum sem gerði tónlistina sanna. Egó píanóleikarans þvældist aldrei fyrir.

Sömu sögu er að segja um sex píanóstykki op. 118 eftir Brahms. Lewis náði ljóðrænunni í músíkinni einstaklega vel, þessari ljúfu en margræðu nostalgíu og náttúrustemningu sem einkennir tónlist meistarans. Tæknilega séð var margt aðdáunarvert, líkt og í bagatellum Beethovens. Hröð hlaup voru t.d. fullkomlega af hendi leyst.

Þetta eru góðu fréttirnar. Þær slæmu eru að flygillinn sjálfur var alltof harður. Ég veit ekki hversu margir flyglar eru til umráða í Hörpu, en þeir hljóma misjafnlega. Sá sem hér var notaður var svo hvass að það var beinlínis sársaukafullt á að hlýða. Maður heyrði að tónlistin var rétt hugsuð, en það skilaði sér ekki almennilega.

Verst var upphafsverk tónleikanna, sónata í C-dúr Hob. XVI/50 eftir Haydn (Hob. er skammstöfun fyrir Hoboken, þ.e. tónlistarfræðinginn sem flokkaði tónlist Haydns löngu eftir dauða hans). Þar er mikið um ógnarhröð tónahlaup og skraut, sem voru vissulega óaðfinnanlega leikin, skýr og jöfn. En flygillinn var svo æpandi bjartur að tónarunurnar voru eins og vélbyssuskothríð. Útkoman var sérlega harðneskjuleg og óaðlaðandi.

Svipaða sögu um hina sónötu Haydns, sem var í G-dúr, Hob. XVI/40. Kæruleysislegri kaflar verksins voru svo sannarlega skemmtilegir og sjarmerandi, en þegar fjör færðist í leikinn varð tónlistin eins og rakvélarblað. Þetta gerði að verkum að tónleikarnir náðu ekki flugi. Meira að segja Beethoven og Brahms, sem voru í sjálfu sér magnaðir í meðförum píanóleikarans, urðu aldrei að þeir stórkostlegu upplifun sem hefði getað orðið. Það var mikil synd.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Kraftmikil og ástríðufull túlkun, glæsileg tækni, en flygillinn var svo harður að tónlistin fór fyrir lítið.


NÚ ER VETUR Á ÍSLANDI

Njóttu þess að takast á við vetrarfærðina á bíl með drifi á öllum. Renndu við í dag og tryggðu þér einn góðan á enn betra verði.



www.bilaland.is




SUBARU XV Premium
Nýskr. 02/15, ekinn 26 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ: 3.590 þús. kr.




HYUNDAI Santa Fe III Premium
Nýskr. 08/16, ekinn 29 þ.km, sjálfskiptur, sjálfskiptur.
VERÐ: 6.990 þús. kr.




LAND ROVER Discovery 5 S
Nýskr. 05/17, ekinn 20 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ: 8.990 þús. kr.




SUBARU Forester Premium
Nýskr. 02/17, ekinn 40 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ: 4.690 þús. kr.




HYUNDAI Tucson Comfort
Nýskr. 03/17, ekinn 63 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ: 4.390 þús. kr.




BMW X5 Xdrive25d
Nýskr. 05/17, ekinn 23 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ: 8.990 þús. kr.

bílaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM86517

# DAGSKRÁ




**BORN DIFFERENT**
KL. 20:10
Áhrifamiklir og frábærir þættir um einstaklinga um heim allan sem sigrast hafa á ótrúlegustu hindrunum og láta ekkert stoppa sig.

Þrælgott
**Þriðjudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**




**GONE**
KL. 20:40
Hörkuspennandi þættir um unga konu sem var eitt sinn fórnalamb barnsræningja og Frank Novak sem bjargaði henni úr klóm hans á sínum tíma. Nú vinna þau saman í sérstöku teymi innan bandarísku alríkislögreglunnar sem sérhæfir sig í mannránum.

**BLINDSPOT**
KL. 21:25
Skemmtilegir og stórgóðir spennuþættir um hina eitursnjöllu Jane Doe og félaga hennar hjá FBI.



**KNIGHTFALL**
KL. 22:10
Ævintýraleg og spennandi þáttasería sem fjallar um síðustu daga riddara Musterisreglunnar á 14. öld.



**WRECKED**
KL. 22:50
Önnur sería þessara frábæru gamanþátta sem gerast á eyðieyju eftir að flugvél brotlenti og hópur fólks varð þar strandaglópar.



BÍÓ
**THE WITCH**
KL. 22:00
Spennumynd um hjón sem árið 1630 missa son á voveiflegan hátt og svo fer uppskeran að bregðast og allt gengur á afturfótunum á dularfullan hátt.



3
**LAST MAN ON EARTH**
KL. 20:50
Skemmtilegur þáttur um Phil Miller sem lendir í því að vera eini maðurinn á jörðinni eftir að mannskæður faraldur þurrkar nánast út allt líf á jörðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Teen Titans Go!
07.45 The Middle
08.10 Mike & Molly
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Jamie's 30 Minute Meals
10.40 Mr. Selfridge
11.25 Landnemarnir
12.00 Lóa Pind. Snapparar
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol
13.45 American Idol
14.30 American Idol
15.15 American Idol
16.05 Feðgar á ferð
16.30 Friends
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 Anger Management
19.50 The Goldbergs
20.15 Born Different
20.40 Gone
21.25 Blindspot
22.10 Knightfall
22.55 Wrecked
23.15 Grey's Anatomy
23.55 Divorce Gamansamur þáttur frá HBO með Söruh Jessicu Parker og Thomas Haden Church. Í síðustu þáttaröð skildu hjónakornin en skilnaðurinn gekk hins vegar ekki snurðulaust fyrir sig og oftar en ekki enduðu samverustundir þeirra með skrautlegum uppákomum. Við höldum áfram þar sem frá var horfið í fyrri þáttaröð en þá var allt farið í bál og brand hjá þeim og illvígar forræðisdeilur í uppsiglingu.
01.10 Michelle Wolf. Nice Lady
02.10 Lethal Weapon
02.55 Lethal Weapon
03.40 Lethal Weapon
04.25 Insecure
05.00 The Middle
05.25 Friends

## STÖÐ 2 SPORT

07.10 Messan
08.40 Watford - Chelsea
10.20 Liverpool - Tottenham
12.00 Leicester - Swansea
13.40 Messan
15.10 Levante - Real Madrid
16.50 Espanyol - Barcelona
18.30 Spænsku mörkin 2017/2018
19.00 Premier League Review 2017/2018
19.55 FA Cup 2017/2018
22.00 Þýsku mörkin 2017/2018
22.30 Köln - B. Dortmund

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Seinni bylgjan
08.35 Selfoss - Afturelding
10.05 Haukar - Tindastóll
11.45 Snæfell - Stjarnan
13.25 Domino's körfuboltakvöld 2017/2018
15.05 Grótta - FH
16.35 Arsenal - Everton
18.15 Messan
19.45 Brighton - West Ham
21.25 Bournemouth - Stoke
23.05 Premier League Review 2017/2018
01.40 Þýsku mörkin 2017/2018

## STÖÐ 3

18.00 Fresh off the Boat
18.25 Pretty Little Liars
19.05 Entourage
19.35 Modern Family
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 The Last Man on Earth
21.15 iZombie
22.00 The Strain
22.45 50 Ways to Kill Your Mammy
23.30 Flash
01.00 Entourage
01.25 Modern Family
01.50 Seinfeld
02.15 Friends
02.40 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.47 Doddi litli og Eyrnastór
08.00 Áfram Diego, áfram!
08.24 Svampur Sveinsson
08.49 Lalli
08.55 Rasmus Klumpur og félagar
09.00 Strumparnir
09.25 Hvellur keppnisbíll
09.37 Ævintýraferðin
09.49 Gulla og grænjaxlarnir
10.00 Stóri og litli
10.13 Víkingurinn Viggó
10.27 K3
10.38 Mæja býfluga
10.50 Tindur
11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
11.47 Doddi litli og Eyrnastór
12.00 Áfram Diego, áfram!
12.24 Svampur Sveinsson
12.49 Lalli
12.55 Rasmus Klumpur og félagar
13.00 Strumparnir
13.25 Hvellur keppnisbíll
13.37 Ævintýraferðin
13.49 Gulla og grænjaxlarnir
14.00 Stóri og Litli
14.13 Víkingurinn Viggó
14.27 K3
14.38 Mæja býfluga
14.50 Tindur
15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
15.47 Doddi litli og Eyrnastór
16.00 Áfram Diego, áfram!
16.24 Svampur Sveinsson
16.49 Lalli
16.55 Rasmus Klumpur og félagar
17.00 Strumparnir
17.25 Hvellur keppnisbíll
17.37 Ævintýraferðin
17.49 Gulla og grænjaxlarnir
18.00 Stóri og Litli
18.13 Víkingurinn Viggó
18.27 K3
18.38 Mæja býfluga
18.50 Tindur
19.00 Kapteinn Skögultönn



Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47

## GOLFSTÖÐIN

08.45 PGA Highlights 2018
09.40 Waste Management Phoenix Open
13.40 Omega Dubai Desert Classic
18.10 Golfing World 2018
19.00 PGA Highlights 2018
19.55 Waste Management Phoenix Open
23.55 Golfing World 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

11.45 Kramer vs. Kramer
13.30 Tumbledown
15.10 Grown Ups
16.50 Kramer vs. Kramer
18.35 Tumbledown Rómantísk gamanmynd frá 2015 sem fjallar um Hönnuh sem er að koma lífi sínu aftur á réttan kjöl eftir dauða eiginmanns hennar, frægs tónlistarmanns og viðfangsefnis í nýjustu ævisögu hennar. Hún hittir Andrew, rithöfund frá New York, sem hefur aðra sýn á líf eiginmannsins og dauða. Þetta ólíka par þarf að vinna saman til að setja saman sögu söngvarans og byrja á næsta kafla í eigin lífi.
20.15 Grown Ups
22.00 The Witch
23.35 American Heist
01.10 The Driftless Area.
02.45 The Witch

## RÚV

15.35 Paradísarheimt
16.05 Hæpið
16.35 Menningin - samantekt
16.55 Íslendingar
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Kata og Mummi
18.12 Mói
18.23 Skógargengið
18.25 Netgullið
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kveikur
20.40 Níundi áratugurinn
21.25 Höfuðstöðvarnar
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Gullkálfar
23.15 Foster læknir
00.10 Kastljós
00.25 Menningin
00.30 Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 King of Queens
08.25 Dr. Phil
09.05 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
09.45 The Late Late Show with James Corden
10.25 Síminn + Spotify
13.10 Dr. Phil
13.50 Playing House
14.15 Jane the Virgin
15.00 9JKL
15.25 Wisdom of the Crowd
16.15 Everybody Loves Raymond
16.40 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
19.00 The Late Late Show with James Corden
19.45 Speechless
20.05 The Fashion Hero
21.00 The Orville
21.50 The Gifted
22.35 Ray Donovan
23.25 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
00.45 CSI Miami
01.30 The Good Fight
02.15 Chicago Med
03.05 Bull
03.50 Queen of the South
04.40 Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


ÚTSALA
Full búð af spennandi útsöluvörum fyrir útivistarfólk
Nú einnig fáanleg í barna-stærðum
30% afsláttur
icebreaker® MERINO
ULLARFATNAÐUR
100% Merino ull, stingur ekki, lyktar ekki, hlýrri.
Peysur, bolir, húfur, jakkar, sokkar, vettlingar, leggings, nærföt
OSPREY BAKPOKAR
30-50% afsláttur
Hágæða bakpokar
Eitt mesta úrval landsins
Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur
patagonia®
live simple. live extreme
20-60% afsláttur
KEEN
Vatnsheldir gönguskór
Lágir og millihái
Sandalar
Gott úrval
30% afsláttur
Allur viðlegubúnaður með 30% afslætti
Afsláttarborðin verða að sjálfsögðu á sínum stað með enn betri kjörum!
FERRINO
singing rock
30% afsláttur
GG·sport
BÓNUS
BYKO
Opnunartími:
virka daga 10-18,
laugard. 10. feb. 11-18
Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 www.ggsport.is
„Finndu okkur á Facebook“




HITACHI SKJÁVARPAR
Í MIKLU ÚRVALI



OG BÚNAÐUR SEM LÆTUR ÞIG LÍTA VEL ÚT Á FUNDUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á EXTON.IS

EXTON Ljós - Hljóð - Mynd




GLAMOUR
ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT
KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR




## HVERNIG FLOKKAR MAÐUR ...



***... umbúðir utan af sprittkertum?***
Þær má flokka með öðrum málmum.




***...VHS-spólur og kassettur?***
Fara í almennt rusl, gráu tunnuna.




***...dósir utan af t.d. Pik-Nik og Pringles (pappi með áli innan í)?***
Þær umbúðir fara með pappírsumbúðum í bláu tunnuna. Ágætt er að skera álbotninn af og setja plastlokið með plastumbúðum.

***... lyfjaspjöld með áli aftan á?***
Þeim á að skila í apótek í lyfjaskilapoka sem fást í apótekum en það má einnig notast við aðra gegnsæja poka.





***... poka utan af t.d. kaffi og snakki (silfraðir innan í)?***
Það eru plastumbúðir.



***... frauðplast?***
Það flokkast með plastumbúðum.

# Hvernig á að flokka hitt og þetta?

Mikil vitundarvakning hefur átt sér stað undanfarið varðandi flokkun rusls og endurvinnslu. Facebook-hópurinn Áhugahópur um endurvinnslu og endurnýtingu er til marks um það en þar ræða um 8.000 einstaklingar málin sín á milli. Í þeim hópi dúkka reglulega upp sömu spurningarnar um hvernig eigi að flokka hitt og þetta rusl.

Lífið leitaði svara við nokkrum algengum spurningum, sem koma upp í Facebook-hópnum Áhugahópur um endurvinnslu, hjá Rögnu Ingibjörgu Halldórsdóttur, deildarstjóra umhverfis- og fræðsludeildar Sorpu. „Samkvæmt þeim upplýsingum sem Sorpa er með í dag getum við sagt að almennt sé flokkun að aukast. Við tókum á móti meira plasti frá íbúum 2017 en 2016. Íbúar í velflestum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu eru með bláa tunnu fyrir pappír og við erum að sjá aukningu á glerumbúðum í gegnum grenndargáma fyrir gler. Svo almennt má segja að umhverfisvitund sé að aukast og þátttaka íbúa í flokkun,“ segir Ragna. **– gha**

**SVO ALMENNT MÁ SEGJA AÐ UMHVERFISVITUND SÉ AÐ AUKAST.**

## 63 ár síðan 2.55 var kynnt til leiks

Nú eru liðin 63 ár síðan Coco Chanel kynnti til leiks útgáfuna af Chanel 2.55 töskunni eins og við þekkjum hana í dag. Taskan var fyrst sett á markað árið 1929 en í febrúar árið 1955 kynnti Coco nýja og endurbætta útgáfu af töskunni sem hefur síðan þá verið kölluð 2.55. Taskan dregur nafn sitt af þeim mánuði og ártali sem hún var kynnt til leiks í endurbættri útgáfu.





**Karl Lagerfeld endurhannaði töskuna á níunda áratugnum og gerði Chanel-lógóið meira áberandi.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Chanel fékk innblástur frá töskum hermanna þegar hún hannaði töskuna.**

# FLÖSKUR
## í íslensku sjávarríki

---

Marine bottles of Iceland | Flaschen im isländischen Meer



**Norðursjávar Kóli**
Atlantic Cola



**Lúði**
Plastysis
Aukreitis



**Plastbítur**
Virus Plastikus



**Spuri**
Flaskus Flaskus



**Ískóli**
Plastus Vesenis



**Sóðabikkja**
Mengunis Majoris



**Maghnútur**
Sodapop Virus



**Slorsíli**
Úrgangus Óþolandis



**Skarskólpi**
Kippis Kippus



**Djúpsjávar lufsi**
Maritima Polyurethane

---

Ef plastnotkun þróast áfram eins og hún er í dag þá er því spáð að árið 2050 verði jafnmikið af plasti og fiski í höfunum í kílóum talið. Leggðu þitt af mörkum og tryggðu að allar drykkjarumbúðir á þínu heimili skili sér í Endurvinnsluna. Þannig leggur þú þitt af mörkum og færð greitt fyrir það!

**Flöskumóttaka**
**Endurvinnslan**

ÞAÐ BORGAR SIG
ISK
AÐ ENDURVINNA








Brynjar Birgisson hefur verið oft hressari í vinnunni á mánudegi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Mjög vafasöm melting og öskrandi börn

Íslendingar eru farnir að elska Super Bowl og vaka margir hverjir fram eftir nóttu yfir leiknum með fleiri kíló af óhollustu til að japla á yfir leiknum. Hvernig skyldu eftirköstin vera? Lífið náði tali af aðdáanda.

Brynjar Birgisson er enginn nýgræðingur þegar kemur að Ofurskálinni, hann hefur horft á þennan risa viðburð síðustu 19 árin – hann viðurkennir þó að hafa þurft að sleppa tveimur eða þremur leikjum á þessu tímabili. Hann hefur oft átt erfiðar stundir í vinnu daginn eftir þó að hann hljómi grunsamlega hress þegar blaðamaður nær tali af honum.

„Ég datt inn í þetta árið 1999 þegar ég náði leik endursýndum daginn eftir á Sýn – eftir það keypti ég Madden-tölvuleikinn og varð bara „húkkt“ á þessu. Í leiknum lærði ég allar reglurnar og er alltaf settur í það í vinahópnum að útskýra reglurnar, hvað telst grip og af hverju má kasta boltanum þarna en ekki þarna ... það er svona mitt hlutverk. Aðrir sjá um matinn, ég sé um reglurnar.“

Gríðarleg reynsla Brynjars nær þó lengra en aðeins til regluverksins flókna í þessari amerísku boltaíþrótt. Hann hefur einnig gríðarlega reynslu af því að vaka langt fram eftir nóttu yfir keppninni um þessa mögnuðu skál og innbyrða gríðarlegt magn af mat og drykk. Líklega er það athæfi sem lýðheilsu- og næringarfræðingar myndu ekki mæla með.

„Við erum búin að fara „all in“ varðandi matinn í núna sex eða sjö ár. Það sem við höfum lagt hvað mesta áherslu á eru kjúklingavængirnir. Hann Hafsteinn vinur minn er held ég búinn að fullkomna kjúklingavængi. Ég sver það að ég borðaði bestu kjúklingavængi, á Íslandi allavega, í gær. Ég borðaði örugglega kíló af vængjum, hálft kíló af kleinuhringjum, endalaust af einhverjum drykkjum. Það var Coors Light og Miller, mánudagar eru „Miller time“ þannig að eftir miðnætti fengum við okkur Miller.“

*Hvernig er þá stemmingin daginn eftir allan þennan hedónisma; þetta óhóf í drykk og mat með þetta mikla svefnleysi? Hver eru eftirköstin?* „Stemmingin er ekki góð. Ég er reyndar ekki áfengis-þunnur en matarþynnkan og áfengisþynnkan eru tvær mismunandi skepnur. Matarþynnkan hefur auðvitað mest áhrif á meltinguna og er aðallega út af vængjunum – þeir eiga til að gera meltinguna yfir daginn mjöööög vafasama. Ég hef verið að vinna mikið með börnum á bæði leikskólum og frístundamiðstöðvum þannig að það er alveg rosalegt að vera búinn að borða tvö kíló af mat, sofa í þrjá tíma og mæta svo í vinnuna þar sem eru fjögurra ára krakkar öskrandi á mann.“




**ÉG HEF VERIÐ AÐ VINNA MIKIÐ MEÐ BÖRNUM Á BÆÐI LEIKSKÓLUM OG Í FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVUM ÞANNIG AÐ ÞAÐ ER ALVEG ROSALEGT AÐ VERA BÚINN AÐ BORÐA TVÖ KÍLÓ AF MAT, SOFA Í ÞRJÁ TÍMA OG MÆTA SVO Í VINNUNA ÞAR SEM ERU FJÖGURRA ÁRA KRAKKAR ÖSKRANDI Á MANN.**

*Ert þú að taka þátt í meistaramánuðinum?* „Nei. Það bara helst ekki í hendur við Super Bowl-lífsstílinn.“

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

**LAUGARDAG 10. FEB.** 14:00 & 16:00

# ÆVINTÝRA TÓNLEIKAR ÆVARS

## LITLI TÓNSPROTINN



**Ævar vísindamaður og Sinfóníuhljómsveitin** fara um víðan völl og með forvitnina að vopni. Ævar kynnir ævintýralegustu tónverkin sem hann þekkir, þess á milli segir hann nokkur af uppáhalds ævintýrunum sínum. Meðal annars verður flutt tónlist úr Harry Potter-myndunum, Sjóræningjum Karíbahafsins, Hringadróttinssögu og Draugabönum, ásamt nýrri íslenskri tónlist sem var unnin upp úr verðlaunabók Ævars, Þín eigin þjóðsaga. Ekki missa af þessum æsispennandi ævintýratónleikum þar sem hlustandinn veit ekki hvers má vænta handan hornsins.

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri
**Ævar Þór Benediktsson** kynnir
**Svart Design** hreyfimyndir

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI**
**SINFONIA.IS**

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :
GAMMA

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Kristins Inga Jónssonar



# Ríkishræsnin

Vínbúð ríkisins hlaut nýverið enn eitt árið hæstu einkunn í sínum flokki í Íslensku ánægjuvoginni. Könnunin sýnir glöggt fram á trygglyndi viðskiptavina verslunarinnar sem ætti þó vart að koma á óvart í ljósi einokunarstöðu hennar á áfengismarkaði. Það er því einkar hjákátlegt að horfa upp á stjórnendur Vínbúðarinnar stæra sig af árangrinum með viðamikilli auglýsingaherferð í blöðum.

Ég kann að hljóma eins og hinn versti nöldurseggur en mér finnst með öllu fráleitt að fjármunum mínum sem skattborgara sé eytt í slíkar montauglýsingar. Og mér þykir raunar enn fráleitara að einokunarversluninni sé yfir höfuð heimilt að auglýsa á sama tíma og aðrir eiga yfir höfði sér fangelsisdóm fyrir að gera nákvæmlega það sama.

Það er nefnilega refsivert samkvæmt áfengislögum að auglýsa áfengi hér á landi. Engu að síður auglýsir vínbúð ríkisins af miklum móð verslanir sínar og vörur og stendur fyrir umsvifamikilli útgáfustarfsemi eins og ekkert sé eðlilegra. Það sama gildir um ríkisverslunina í Leifsstöð sem auglýsir áfengi kyrfilega um alla flugstöðina þannig að eftir er tekið. Tvískinnungurinn er æpandi.

En hann sýnir okkur einnig hve meingallað bannið við áfengisauglýsingum er. Alls staðar flæða slíkar auglýsingar í gegnum miðla sem úrelt löggjöfin nær ekki til. Auglýsingar um áfenga drykki birtast í erlendum blöðum sem Íslendingar lesa, á íþróttaleikvöngum sem sjónvarpað er frá hér á landi, erlendum vefsíðum, samfélagsmiðlum og svo mætti áfram telja.

Í stað þess að reyna að stoppa í götin á gölluðu banni, eins og mörgum er tíðrætt um, væri stjórnvöldum nær að hætta þessum tvískinnungi og heimila í eitt skipti fyrir öll áfengisauglýsingar.

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland




